

Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka

Hvaða hópar leita aðstoðar?





Lýsing á úttekt

Unnið fyrir	Félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina
Markmið úttektar	Að kanna hvers konar aðstoð er veitt af hjálparsamtökum á Íslandi, að kortleggja hvaða hópar leita til hjálparsamtaka eftir aðstoð og að kanna viðhorf til aðstoðarinnar
Dagsetning skýrsluskila	4. janúar 2021

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundar	Ásdís Aðalbjörg Arnalds Guðný Gústafsdóttir Steinunn Hrafnisdóttir

Vinsamlegast vísið í skýrsluna samkvæmt eftirfarandi hátt:
Ásdís A. Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir (2020). *Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka – Hvaða hópar leita aðstoðar*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



EFNISYFIRLIT

Töfluyfirlit.....	4
Myndayfirlit	7
Samantekt	8
Inngangur.....	9
Fræðilegur bakgrunnur.....	9
Aðferðir	11
Öflun upplýsinga frá forsvarskonum	12
Úrtak og gagnaöflun meðal notenda	12
Úrvinnsla gagna.....	13
Niðurstöður: Hjálparsamtök og notendur	14
Hvers konar aðstoð er veitt?.....	14
<i>Fjölskylduhjálp Íslands.....</i>	<i>15</i>
<i>Hjálparstarf kirkjunnar.....</i>	<i>15</i>
<i>Hjálpræðisherinn.....</i>	<i>16</i>
<i>Mæðrastyrksnefnd Akraness</i>	<i>17</i>
<i>Mæðrastyrksnefnd Akureyrar.....</i>	<i>17</i>
<i>Mæðrastyrksnefnd Kópavogs</i>	<i>18</i>
<i>Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar</i>	<i>18</i>
<i>Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur</i>	<i>18</i>
Fjöldi þeirra sem nýttir aðstoð hjálparsamtaka	21
Hversu oft er aðstoðin nýtt?.....	22
Samsetning hópsins sem leitar til hjálparsamtaka	24
<i>Atvinnustaða og framfærsla</i>	<i>24</i>
<i>Kynja- og aldurssamsetning.....</i>	<i>27</i>
<i>Fjölskyldugerð.....</i>	<i>28</i>
<i>Uppruni</i>	<i>30</i>
<i>Líkamlegar skerðingar, andleg veikindi og/eða vímuefnavandi</i>	<i>31</i>
Ástæða þess að leitað er til hjálparsamtaka	32
Reynsla og viðhorf notenda.....	36
<i>Opin svör</i>	<i>38</i>
Niðurstöður um sýn félagsráðgjafa	39



Fátækt fólk á Íslandi	39
Sýn félagsráðgjafa á hjálparsamtök	43
Úrræði félagsþjónustunnar	45
Velferðarkerfið	49
Aðstoð við fátækt fólk á tímum COVID-19	51
Lokaorð	52
Heimildir	55
VIÐAUKI: Tíðnitöflur og bakgrunnstöflur	57

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í könnun meðal notenda	13
Tafla 2. Tegund aðstoðar	139
Tafla 3. Mat forsvarskvenna á atvinnustöðu hópsins sem nýtir aðstoð	25
Tafla 4. Mat forsvarskvenna á fjölskyldugerð hópsins sem nýtir aðstoð	28
Tafla i a. Fjöldi svarenda eftir hjálparsamtökum	57
Tafla i b. Fjöldi svarenda eftir hjálparsamtökum - Bakgrunnsgreining	58
Tafla ii a. Kyn svarenda	59
Tafla ii b. Kyn svarenda - Bakgrunnsgreining	60
Tafla iii a. Aldur svarenda	61
Tafla iii b. Aldur svarenda – Bakgrunnsgreining	62
Tafla iv a. Fæðingarland svarenda	63
Tafla iv b. Fæðingarland svarenda – Bakgrunnsgreining	64
Tafla v a. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?	65
Tafla v b. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi? – Bakgrunnsgreining	66
Tafla vi a. Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?	67
Tafla vi b. Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum? – Bakgrunnsgreining	68
Tafla vii a. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?	69
Tafla vii b. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu? – Bakgrunnsgreining	70
Tafla viii a. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana?	71
Tafla viii b. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana? – Bakgrunnsgreining	72
Tafla ix a. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði?	73
Tafla ix b. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði? – Bakgrunnsgreining	74



Tafla x a. Færðu námslán til lífsviðurværis/ framfærslu?	75
Tafla xi a. Færðu tekjur af launaðri vinnu til lífsviðurværis/ framfærslu?.....	75
Tafla xi b. Færðu tekjur af launaðri vinnu til lífsviðurværis/ framfærslu? – Bakgrunnsgreining.....	76
Tafla xii a. Færðu tekjur af eigin atvinnurekstri til lífsviðurværis/ framfærslu?	77
Tafla xiii a. Færðu atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun til lífsviðurværis/ framfærslu?	77
Tafla xiii b. Færðu atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun til lífsviðurværis/ framfærslu? – Bakgrunnsgreining	78
Tafla xiv a. Færðu fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga til lífsviðurværis/ framfærslu?	79
Tafla xiv b. Færðu fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga til lífsviðurværis/ framfærslu? – Bakgrunnsgreining.....	80
Tafla xv a. Færðu örorku- eða endurhæfingarlífeyri frá TR til lífsviðurværis/ framfærslu?.....	81
Tafla xv b. Færðu örorku- eða endurhæfingarlífeyri frá TR til lífsviðurværis/ framfærslu? – Bakgrunnsgreining...	82
Tafla xvi a. Færðu ellilífeyri til lífsviðurværis/ framfærslu?.....	83
Tafla xvi b. Færðu ellilífeyri til lífsviðurværis/ framfærslu? – Bakgrunnsgreining	84
Tafla xvii a. Færðu fæðingarorlofsgreiðslur til lífsviðurværis/ framfærslu?	85
Tafla xviii a. Færðu framfærslu frá fjölskyldu eða maka til lífsviðurværis/ framfærslu?	85
Tafla xix a. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánum á heimili þínu á mánuði?.....	85
Tafla xix b. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánum á heimili þínu á mánuði? – Bakgrunnsgreining.....	86
Tafla xx a. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í lyf og heilsugæslu á heimili þínu á mánuði?	87
Tafla xx b. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í lyf og heilsugæslu á heimili þínu á mánuði? – Bakgrunnsgreining.....	88
Tafla xxi a. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í samgöngur (t.d. bensín eða strætófargjöld) á heimili þínu á mánuði?.....	89
Tafla xxi b. Hversu hárrí upphæð, að jafnaði, er varið í samgöngur (t.d. bensín eða strætófargjöld) á heimili þínu á mánuði? – Bakgrunnsgreining.....	90
Tafla xxii a. Veitir þú ættingjum sem búsettir eru erlendis fjárhagslega aðstoð?	91
Tafla xxii b. Veitir þú ættingjum sem búsettir eru erlendis fjárhagslega aðstoð? – Bakgrunnsgreining	92
Tafla xxiii a. Hefur þú leitað til félagsþjónustu sveitarfélags þíns?.....	93
Tafla xxiii b. Hefur þú leitað til félagsþjónustu sveitarfélags þíns? – Bakgrunnsgreining	94
Tafla xxiv a. Hver er helsta ástæða þess að þú leitar til hjálparsamtaka?	95
Tafla xxiv b. Hver er helsta ástæða þess að þú leitar til hjálparsamtaka? – Bakgrunnsgreining	96
Tafla xxv a. Hvar fékkst þú fyrst vitneskju um að þú gætir nýtt þér aðstoð hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag?	97



Tafla xxv b. Hvar fékkst þú fyrst vitneskju um að þú gætir nýtt þér aðstoð hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag? – Bakgrunnsgreining.....	98
Tafla xxvi a. Hversu oft, að jafnaði, hefur þú leitað til hjálparsamtakanna á undangengnum 12 mánuðum?	99
Tafla xxvi b. Hversu oft, að jafnaði, hefur þú leitað til hjálparsamtakanna á undangengnum 12 mánuðum? – Bakgrunnsgreining.....	100
Tafla xxvii a. Hefur þú leitað til fleiri hjálparsamtaka á undangengnum 12 mánuðum?	100
Tafla xxvii b. Hefur þú leitað til fleiri hjálparsamtaka á undangengnum 12 mánuðum? – Bakgrunnsgreining	102
Tafla xxviii a. Hefur þú alltaf, oft, stundum, sjaldan eða aldrei lent í biðröð utandyra þegar þú hefur sótt úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag?	103
Tafla xxviii b. Hefur þú alltaf, oft, stundum, sjaldan eða aldrei lent í biðröð utandyra þegar þú hefur sótt úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Bakgrunnsgreining	104
Tafla xxix a. Ef þú mættir ráða, hvort myndi hugnast þér betur að fá úthlutað mat eða inneignarkort í matvöruverslun?	105
Tafla xxix b. Ef þú mættir ráða, hvort myndi hugnast þér betur að fá úthlutað mat eða inneignarkort í matvöruverslun? – Bakgrunnsgreining	106
Tafla xxx a. Hefur þér verið boðin félagsleg ráðgjöf hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag?	107
Tafla xxx b. Hefur þér verið boðin félagsleg ráðgjöf hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Bakgrunnsgreining.....	108
Tafla xxxi a. Hefur þér verið gert að skila gögnum til hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag, til þess að fá aðstoð?.....	109
Tafla xxxi b. Hefur þér verið gert að skila gögnum til hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag, til þess að fá aðstoð? – Bakgrunnsgreining.....	110
Tafla xxxii a. Þegar á heildina er lítið, ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót þeirra sem sinna úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag?	111
Tafla xxxii b. Þegar á heildina er lítið, ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót þeirra sem sinna úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Bakgrunnsgreining	112

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Hefur þér verið boðin félagsleg ráðgjöf hjá jálparsamtökunum sem þú leitar til í dag?	20
Mynd 2. Fjöldi einstaklinga sem nutu aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefndar	21
Mynd 3. Samanburður á fjölda einstaklinga sem fá aðstoð og magni aðstoðar sem er veitt yfir árið	23
Mynd 4. Hversu oft, að jafnaði, hefur þú leitað til hjálparsamtakanna á undangengnum 12 mánuðum? – Svör notenda	23
Mynd 5. Hefur þú leitað til fleiri hjálparsamtaka á undangengnum 12 mánuðum? – Svör notenda	24
Mynd 6. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana? – Svör notenda	26
Mynd 7. Tekjulindir sem notendur hafa til lífsviðurværis – Svör notenda.....	26
Mynd 8. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt? - Svör notenda	27
Mynd 9. Hver er aldur þinn? - Svör notenda.....	28
Mynd 10. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtalinni/meðtöldum? – Svör notenda.....	29
Mynd 11. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri eru á heimilinu? – Svör notenda.....	29
Mynd 12. Í hvaða landi ertu fædd(ur)? – Svör notenda	31
Mynd 13. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi? – Svör notenda	31
Mynd 14. Hver er helsta ástæða þess að þú leitar til hjálparsamtaka? – Svör notenda	32
Mynd 15. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði? – Svör notenda	33
Mynd 16. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánunum? – Svör notenda	34
Mynd 17. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í lyf og heilsugæslu? – Svör notenda	34
Mynd 18. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í samgöngur? – Svör notenda.....	35
Mynd 19. Veitir þú ættingjum sem búsettir eru erlendis fjárhagslega aðstoð? – Svör innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda	35
Mynd 20. Hvar fékkst þú fyrst vitneskju um að þú gætir nýtt þér aðstoð hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag? – Svör notenda	36
Mynd 21. Hefur þú allaf, oft, stundum, sjaldan eða aldrei lent í biðröð utandyra þegar þú hefur sótt úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Svör notenda.....	37
Mynd 22. Þegar á heildina er lítið ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót þeirra sem sinna úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Svör notenda.....	37
Mynd 23. Ef þú mættir ráða, hvort myndi hugnast þér betur að fá úthlutað mat eða inneignarkort í matvöruverslunum? – Svör notenda.....	38

SAMANTEKT

- Hjálparsamtökin Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðrastyrksnefndir bjóða margþætta aðstoð til fátæks fólks. Nokkur munur er á hvers konar aðstoð er veitt eftir því hvaða hjálparsamtök um ræðir. Aðstoð Fjölskylduhjálpar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur felst mikið til í úthlutun á mat en Hjálparstarf kirkjunnar veitir víðtækari þjónustu þar sem félagsleg ráðgjöf er veitt samhliða úthlutun á inneignarkortum. Félagsleg ráðgjöf er einnig veitt á Akureyri í samvinnu þeirra hjálparsamtaka sem þar starfa.
- Til hjálparsamtakanna leitar breiður hópur fátæks fólks á Íslandi. Stærsti hópurinn er fólk sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, atvinnuleysisbótum eða örorkubótum. Einnig leita ellilífeyrisþegar og láglounafólk til samtakanna, þó minna sé um það. Fólk af erlendum uppruna er stór hópur þeirra sem nýta aðstoð hjálparsamtaka og er þar ýmist um að ræða innflytjendur sem komu á eigin vegum eða flóttafólk. Konur eru í meirihluta þeirra sem leita á náðir hjálparsamtaka en nokkur munur er á samsetningu hópsins eftir því hvaða samtök um ræðir. Til dæmis sýndi könnun meðal þeirra sem nýttu þjónustuna í október og byrjun nóvember 2020 að konur voru innan við helmingur þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins en 79% þeirra sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Stór hluti hópsins sem leitar til hjálparsamtaka er fólk sem hefur framfærslu frá hinu opinbera. Í viðtölum við félagsráðgjafa kom fram að opinber framfærsla og lægstu laun samfélagsins standi ekki straum af grunnþörfum fólks svo sem mat, húsnæði, fatnaði og lyfjum. Könnun sem lögð var fyrir notendur sýndi að húsnæðiskostnaður var mjög stór kostnaðarliður og fór stór hluti ráðstöfunartekna heimila í að greiða fyrir húsnæði.
- Merkjanleg aukning hefur verið á aðstoðarbeiðnum til hjálparsamtaka og félagsþjónustunnar í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19.
- Könnun meðal þeirra sem nýta sér aðstoð hjálparsamtaka leiddi í ljós að fólk er almennt ánægt með viðmót þeirra sem veita þjónustu en þó er ýmislegt sem betur mætti fara. Í ljós kom að stór hluti þeirra sem hafði sótt aðstoð hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands hafði lent í því að bíða í biðröð utandyra. Þegar spurt var hvort fólk vildi heldur fá úthlutað mat eða inneignarkorti kom í ljós að inneignarkort hugnaðist flestum betur.

INNGANGUR

Að beiðni félagsmálaráðuneytisins og Velferðarvaktarinnar gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands úttekt á hjálparsamtökum á Íslandi. Markmið úttektarinnar var að leita svara við því hvert sé fyrirkomulag úthlutunar og ráðgjafar átta hjálparsamtaka og kanna hvaða hópar leita til þeirra vegna úthlutunar á mat, lyfjum og fatnaði. Hjálparsamtökin sem um ræðir eru Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefnd Akraness, Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Auk þess að kanna hvers konar aðstoð er veitt og greina hvaða hópur leitar til samtakanna eftir aðstoð, var könnuð sýn félagsráðgjafa á þá aðstoð sem veitt er fólki sem býr við fátækt og lagt mat á hvernig hægt væri að styðja betur við fólk sem leitar til hjálparsamtaka.

FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Rannsóknir á fátækt eiga sér langa sögu. Þær má rekja allt aftur til rannsóknar Seebohm Rowntree (1901) á fátækt í York undir lok 19. aldar. Í rannsókn sinni tiltók Rowntree það sem hann taldi nauðsynlegt til framfærslu og skilgreining hans á svokallaðri algildri fátækt fólst í því að hafa ekki efni á þessum nauðsynjum. Þótt algild fátækramörk séu enn notuð í rannsóknum er orðið algengara að miða við svokallaða afstæða fátækt. Í því felst að skilgreina þá sem fátæka sem eru með tekjur undir skilgreindu hlutfalli af viðmiðunartekjum. Hagstofa Íslands miðar lágtekjumörk við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Miðað við þessa skilgreiningu voru 9% íbúa á Íslandi undir lágtekjumörkum árið 2018 (Fimmta hvert heimili á leigumarkaði undir lágtekjumökum, 2019).

Lágtekjumörk hafa þó verið gagnrýnd fyrir það að snúast einkum um tekjuskiptingu en taka ekki tillit til annarra aðstæðna (Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008) og hefur verið brugðist við þessum anmarka með þróun skorts mælinga. Eurostat hefur t.a.m. notað slíkar mælingar til að rannsaka hlutfall íbúa sem býr við sárafátækt. Fólk sem býr við sárafátækt hefur t.d. ekki efni á sjónvarpstæki, bíl, þvottavél, síma og að fara árlega í frí með fjölskyldunni. Greining Hagstofu Íslands leidd í ljós að sárafátækt er fátíð í íslensku samfélagi. Árið 2008 bjuggu 0,9% fólks við sárafátækt en hlutfallið jókst nokkuð á árunum eftir efnahagshrun. Árið 2012 mældist sárafátækt mest, eða 3% en eftir 2012 lækkaði hlutfall sárafátækra og var hlutfallið 1,3% árið 2015 (Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson, 2016). Í ljósi þess að

Ísland stendur nú frammi fyrir nýrri efnahagskreppu, sem er afleiðing útbreiðslu COVID-19 faraldursins, kann hlutfall þeirra sem búa við sárafátækt að aukast á nýjan leik.

Nokkuð hefur verið fjallað um hvaða hópar á Íslandi búa við fátækt. Greining Hagstofu Íslands á sárafátækt leiddi í ljós að einstæðir barnslausir karlar og einstæðar mæður voru í meiri hættu á að búa við sárafátækt en aðrir. Sömuleiðis bjuggu hlutfallslega fleiri erlendra ríkisborgara en íslenskra við sárafátækt á árunum eftir efnahagshrun en árið 2015 kom ekki fram munur á hlutfalli þeirra sem bjuggu við sárafátækt eftir ríkisfangi (Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson, 2016). Svipaðar niðurstöður er að finna í skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi árin 2004 – 2016, sem Velferðarvaktin lét taka saman. Í skýrslunni er bent á að brýnt sé að bæta lífskjör einstæðra foreldra og barna þeirra. Einnig stóðu börn öryrkja höllum fæti, en í ljós kom að öryrkjar voru sá hópur sem er líklegastur til að búa við fjárhagsþrengingar (Kolbeinn Stefánsson, 2019). Rauði kross Íslands gefur á fjögurra ára fresti út skýrslur sem bera heitið „Hvar þrengir að?“ (Ómar Valdimarsson, 2014). Niðurstöður skýrslanna byggja á skriflegum svörum við spurningum sem lagðar eru fyrir sérfræðinga í heilbrigðis-, skóla- og velferðarkerfinu og viðtölum við sérfræðinga. Samkvæmt niðurstöðum standa öryrkjar, einstæðir foreldrar, innflytjendur, atvinnuleitendur og börn sem búa við erfiðar aðstæður höllum fæti. Þó ber að hafa í huga að hér er um að ræða huglægt mat á því hvar þrengir að í íslensku samfélagi en ekki mælingar á lífsafkomu fólks.

Árið 1979 undirritaði Ísland alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (nr. 10/1979). Í samningnum er kveðið á um að ríki skuldbindi sig til að tryggja rétt allra til viðunandi lífsafkomu, þar á meðal til fæðis, klæða og húsnæðis, og að gera þurfi viðunandi ráðstafanir til þess að svo megi verða. Þar með er vísað til þess að einstaklingar og fjölskyldur eigi rétt á vernd ríkisins. Ísland er sömuleiðis aðili að Félagsmálasáttmála Evrópu. Þegar sáttmálinn varð fullgildur á Íslandi árið 1976 skuldbatt íslenska ríkið sig meðal annars til að tryggja rétt fólks til félagslegrar aðstoðar. Með viðeigandi opinberri þjónustu skuli sjá til þess að allir geti fengið ráðleggingar eða persónulega aðstoð til að koma í veg fyrir eða draga úr skorti (Félagsmálasáttmáli Evrópu nr. 3/1976).

Þrátt fyrir þessar skuldbindingar hefur þörf fyrir hjálparsamtök á Íslandi haldist, enda virðist ekki hafa tekist að koma í veg fyrir fátækt á Íslandi þó svo á heildina litið séu lífskjör góð í samanburði við flest Evrópulönd. Hjálparsamtök hafa verið rekin á Íslandi um langt skeið. Hjálpræðisherinn er elstur þeirra samtaka sem þessi úttekt tekur til, en hann hóf starfsemi á Íslandi árið 1895. Árið 1928 hóf Hjálpræðisherinn á Íslandi að veita skipulagðar matargjafir til fátækra (Hjálpræðisherinn, e.d.) og sama ár var Mæðrastyrksnefnd stofnuð í Reykjavík. Í fyrstu barðist nefndin fyrir því að einstæðar mæður fengu greidd meðlög með börnum sínum en

smám saman fóru aðrir hópar sem bjuggu við bága fjárhagslega stöðu að leita til nefndarinnar (Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, e.d.). Þjóðkirkja Íslands stofnaði Hjálparstarf kirkjunnar árið 1970. Fyrst um sinn fólst starfsemin fyrst og fremst í skipulögðu hjálparstarfi meðal bágstaddra þjóða en upp úr 1990 jókst stuðningur við einstaklinga á Íslandi sem bjuggu við bága fjárhagslega stöðu (Hjálparstarf kirkjunnar, e.d.). Fjölskylduhjálp Íslands er yngst þeirra samtaka sem þessi úttekt nær til. Fjölskylduhjálp var stofnuð árið 2003 og veitir aðstoð til fólks sem stendur höllum fæti í samfélaginu (Fjölskylduhjálp Íslands, e.d.).

Rannsókn sem Félagsvísindastofnun HÍ vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 veitir upplýsingar um hvers vegna fólk leitar til hjálparsamtaka á Íslandi vegna matarúthlutunar. Rannsóknin náði til fólks sem leitaði til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar um matarúthlutun og leiddi hún í ljós að lágar tekjur voru ein af meginástæðum þess að fólk leitaði til samtakanna. Einnig nefndu margir atvinnuleysi, skuldavanda eða veikindi og heilsuleysi. Í sömu rannsókn var þriðjungur þeirra sem sótti til Fjölskylduhjálpar og Hjálparstarfs kirkjunnar með erlent ríkisfang (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010), enda um viðkvæman samfélagshóp að ræða. Frá því rannsóknin var unnin hefur hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi aukist úr 7% í 14% (Hagstofa Íslands 2020). Með hliðsjón af þessari hlutfallslegu aukningu má ætla að samsetning hópsins sem leitar til hjálparsamtaka, m.t.t. uppruna hafi breyst nokkuð á undangengnum áratug.

AÐFERÐIR

Notast var við bæði eigindlegar og meginglegar aðferðir í úttektinni, þar sem markmiðið var að fá heildstæðari og fyllri gögn en fást þegar eingöngu annarri aðferðinni er beitt, og þannig öðlast skýrari sýn á viðfangsefnið (Creswell, 2012). Megingleg gögn, í formi fyrirbyggjandi gagna og spurningakönnunar meðal notenda, voru notuð til þess að lýsa samsetningu hópsins en opnar spurningar til forsvarskvenna Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Mæðrastyrksnefnda nýttust til að fá upplýsingar um hvers konar aðstoð samtökin veita. Jafnframt voru tekin opin eigindleg viðtöl við fimm félagsráðgjafa í þeim tilgangi að fá sýn þeirra á aðstoð sem hjálparsamtök á Íslandi veita fátæku fólki. Niðurstöður eigindlegra rannsókna eru gjarnan lýsandi, ítarlegar og til þess fallnar að dýpka skilning á efninu sem um ræðir.

Öflun upplýsinga frá forsvarskonum

Haft var samband við stærstu hjálparsamtökin til að kanna hvort þau byggju yfir gögnum um fólk sem til þeirra leitar. Nokkuð misjafnt var hvers konar gagna um notendur samtökin höfðu aflað og hvaða upplýsingar unnt var að afhenda Félagsvísindastofnun, m.a. vegna persónuverndar. Í þeim tilvikum sem um ópersónugreinanleg gögn var að ræða fékk Félagsvísindastofnun aðgang að gagnaskrá og vann upp úr þeim til þess að lýsa samsetningu hópsins. Óskað var eftir gögnum ár aftur í tímann til þess að unnt væri að greina breytingar á fjölda notenda og samsetningu hópsins með tilkomu COVID-19 faraldursins. Forsvarskonur Fjölskylduhjálpar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Mæðrastyrksnefndar Akraness, Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Mæðrastyrksnefndar Kópavogs, Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur svöruðu einnig hálfstöðluðum spurningalista um hvers konar aðstoð samtökin veita fólki sem býr við fátækt.

Úrtak og gagnaöflun meðal notenda

Gagnaöflun meðal notenda fór fram með því að leggja spurningalista fyrir fólk sem nýtti aðstoð stærstu hjálparsamtakanna í október og byrjun nóvember 2020. Gagnaöflun fór fram með nokkuð ólíkum hætti milli hjálparsamtaka þar sem misjafnt var hvernig hægt var að nálgast notendur. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands voru með úthlutanir á mat í október. Hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur fór úthlutun fram dagana 13. og 14. október og Fjölskylduhjálpar Íslands var með úthlutun á Suðurnesjum 21. og 22. október og í Reykjavík 26. og 27. október. Spyrjar á vegum Félagsvísindastofnunar mættu á þessa staði þegar úthlutun fór fram og lögðu staðlaðar spurningar fyrir á pappír. Hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur fékkst 101 svar og 237 svör fengust frá fólki sem sótti úthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands (168 svör í Reykjavík og 69 svör á Suðurnesjum). Annað fyrirkomulag var á aðstoð hjá Hjálpræðishernum og Hjálparstarfi kirkjunnar. Þegar gagnaöflun fór fram var Hjálpræðisherinn að biðja eftir að geta flutt í nýtt húsnæði og þ.a.l. var starfsemin mun umfangsminni en áður. Hjálparstarf kirkjunnar hafði jafnframt breytt fyrirkomulagi úthlutunar vegna COVID-19. Hjá þessum samtökum gat fólk pantað tíma til að fá aðstoð. Spurningalistinn var látinn liggja frammi hjá Hjálpræðishernum og Hjálparstarfi kirkjunnar og voru fulltrúar samtakanna beðnir að biðja fólk að svara listanum þegar það kom til að sækja aðstoð og setja svo útfylltan spurningalista í kassa. Gagnaöflun hjá Hjálpræðishernum og Hjálparstarfi kirkjunnar fór fram dagana 21. október - 13. nóvember og fengust 25 svör frá fólki sem nýtti aðstoð Hjálpræðishersins og 58 svör frá fólki sem nýtti aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í könnun meðal notenda

	Fjölskylduhjálp Íslands Reykjavík	Fjölskylduhjálp Íslands Suðurnesjum	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis- herinn	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Alls	168	69	58	25	101
Kyn					
Karl	55	30	12	13	45
Kona	109	37	46	11	49
Aldur					
30 ára eða yngri	36	12	15	6	16
31 – 45 ára	70	16	24	12	25
Eldri en 45 ára	42	31	12	6	47

Til þess að ná til sem flestra var spurningalistinn þýddur á ensku, pólsku, spænsku og arabísku. Spurt var um uppruna, fjölda á heimili, fjölda barna, stöðu á vinnumarkaði, tekjur, ástæðu þess að viðkomandi leitaði til hjálparsamtaka, hve oft fólk nýtir aðstoðina og hvort því væri veitt félagsleg ráðgjöf. Einnig var fólk spurt hvernig því líkaði viðmót þeirra sem sinntu aðstoðinni og hvort það vildi breyta einhverju við fyrirkomulag úthlutunar.

Þátttakendur og framkvæmd eigindlegra viðtala

Tekin voru fimm eigindleg viðtöl við félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki en í slíku úrtaki veljast einstaklingar til þátttöku sem henta markmiðum rannsóknarinnar svo sem vegna persónulegrar þekkingar og reynslu á sviðinu (Aurini, Health og Howells, 2016). Þrjú viðtalanna voru tekin við félagsráðgjafa í Reykjavík, eitt við félagsráðgjafa á Akureyri og eitt við félagsráðgjafa á Suðurnesjum. Gagnaöflun fór fram dagana 10. til 20. október 2020 í gegnum myndsímtal. Viðtalsrammi var hafður til hliðsjónar í viðtölunum en innihald samræðnanna var ekki að fullu fyrirfram ákveðið og var viðmælendum gefið tækifæri á að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum viðmælanda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama (Kvale, 1996).

Úrvinnsla gagna

Opin svör forsvarskvenna voru nýtt sem heimildir yfir það hvers konar aðstoð er veitt. Megindleg úrvinnsla fólst í því að vinna upp úr fyrirbyggjandi gögnum um fjölda þeirra sem sótt hafa aðstoð frá ágúst 2019 til ágúst 2020 og upp úr niðurstöðum könnunarinnar meðal notenda. Í köflum um niðurstöður eru myndir sem birta dreifingu svara við spurningum könnunarinnar greind eftir því hvaða hjálparsamtök um ræðir. Í viðauka er að finna ítarlegri greiningu

á spurningum könnunarinnar. Í töflum og myndum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra þeirra sem nýta aðstoð hjálparsamtakanna. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullræða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin táknið [^] merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum.

Eigindleg úrvinnsla fólst í því að öll viðtölin voru tekin upp með leyfi viðmælenda og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og þemu eða meginatriði dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast kóðun. Í framhaldi voru kóðar allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Í skrifum uppúr viðtölum var nafnleyndar gætt (Creswell, 2012). Meginþemu í úrvinnslu snéru að því að kortleggja hóp þeirra sem leita eftir félagslegri aðstoð út frá aðstæðum og vanda hópsins, úrræðum sem þeim standa til boða innan félagsþjónustunnar og samskipti þeirra við hjálparsamtök. Einnig var leitað eftir sýn félagsráðgjafanna á áhrif COVID-19 á málaflokkinn.

NIÐURSTÖÐUR: HJÁLPARSAMTÖK OG NOTENDUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir svörum forsvarskvenna um aðstoðina sem hjálparsamtökin veita, niðurstöðum greiningar á fyrirliggjandi gögnum sem forsvarskonur létu rannsakendum í té og niðurstöðum spurningakönnunar meðal notenda. Fjallað er um hvers konar aðstoð er veitt, fjölda þeirra sem nýta aðstoð, hve oft aðstoðin er veitt, samsetningu þess hóps sem leitar aðstoðar, ástæðu þess að fólk leitar aðstoðar og reynslu notenda af aðstoðinni.

Hvers konar aðstoð er veitt?

Upplýsingar um hvers konar aðstoð er veitt komu frá forsvarskonum hjálparsamtakanna. Í töflu 2 er að finna samantekt á því hvers konar aðstoð er veitt af Fjölskylduhjálpi Íslands, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Mæðrastyrksnefnd Akraness, Mæðrastyrksnefnd Akureyrar, Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar og Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur.

Fjölskylduhjálpar Íslands

Fjölskylduhjálpar Íslands veitir aðstoð í Reykjavík og á Suðurnesjum. Reglulega fer fram úthlutun á mat en auk þess er veitt neyðaraðstoð alla virka daga. Í sumum tilvikum eru veitt inneignarkort en kaup á inneignakortum veltur á því hve miklu fjármagni samtökin hafa yfir að ráða hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur verið við líði allt frá stofnun Fjölskylduhjálpar Íslands árið 2003 og var það tekið upp vegna þess að sumir notenda voru á sérþæði vegna veikinda og gátu þ.a.l. ekki nýtt sér matarúthlutanir. Að sögn forsvarskonu samtakanna hefur þetta gengið vel og eru notendur mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag. Auk úthlutunar á mat og inneignarkortum aðstoða samtökin fólk við lyfjakaup og gefa notaðan fatnað til þeirra sem þurfa. Einnig er fjölskyldum veitt aðstoð við að halda afmælis- og fermingaveislur. Allir sem sækja um aðstoð þurfa að veita upplýsingar um tekjur úr skattframtali.

Hjálparstarf kirkjunnar

Höfuðstöðvar Hjálparstarfs kirkjunnar eru í Reykjavík en aðstoð er veitt um allt land í gegnum presta á hverju svæði. Aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar er í formi úthlutunar á fatnaði, barnavöru og inneignarkorti, ýmiss konar fjárhagslegs stuðnings, félagslegs stuðnings og ráðgjafar. Fatnaði er úthlutað einu sinni í viku og getur hver fjölskylda komið fjórum sinnum á ári til að fá föt. Ef samtökin geta ekki úthlutað nauðsynlegum fatnaði er veitt inneignarkort sem hægt er að nýta í fataverslunum. Hjálparstarfið auglýsir eftir barnavöru og úthlutar meðal annars barnarúmum, barnavögnum og kerrum eftir þörfum ásamt því að úthluta vörum sem nýtast við skólabyrjun, svo sem skólatöskum og ípróttafatnaði. Þá eru veitt inneignarkort til þeirra sem á þurfa að halda sem hægt er að nýta til kaupa á mat og annarri nauðsynjavöru. Upphæð inneignakortanna fer eftir mati á aðstoðarþörf. Þörfin er metin út frá tekjum og útgjöldum þeirra sem sækja um aðstoð, auk þess sem fjölskyldustærð ræður því hversu háa upphæð umsækjendur fá. Þetta fyrirkomulag var tekið upp árið 2011 og aðspurð um ástæður þess að samtökin hófu að veita inneignarkort sagði forsvarskonan það hafa verið gert af virðingu við umsækjendur. Út frá mannréttindasjónarmiðum þótti ekki við hæfi að „skammta mat í poka“.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir einnig fjárhagslegan stuðning vegna barna. Hægt er að fá styrk fyrir tólmstundaiðkun barna þegar frístundastyrkur nægir ekki fyrir kostnaði eða til að greiða fyrir þátttöku á ípróttamóti eða sumarbúðum. Ungmenni geta einnig fengið aðstoð við að standa straum af kostnaði við nám í framhaldsskólum. Svokölluðum Framtíðarsjóði var komið á fót í þessum tilgangi en um 35 til 40 ungmenni fá styrk úr sjóðnum á ári hverju til að greiða skólagjöld og bókakostnað auk þess sem Hjálparstarf kirkjunnar reynir að útvega hópnum tölvur. Fjárhagsaðstoð er einnig veitt í formi greiðslna til að standa straum af læknskostnaði, sálfræðiþjónustu og námskeiðskostnaði fullorðinna og er þess háttar aðstoð

metin eftir þörfum. Þá er fólk aðstoðað við að fara í sumarfrí innanlands en sumarið 2020 fékk 21 fjölskylda slíka aðstoð. Einnig er fólk aðstoðað við að fá lyf ef það getur ekki leyst út lyf sín vegna fjárskorts. Á því eru þó takmarkanir þar sem samtökin aðstoða ekki við að fá lyf sem eru skráð sem ávana- eða fíkniefni og eins eru hömlur á því hversu oft fólk getur fengið þess háttar aðstoð.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir ráðgjöf samhliða úthlutun. Veitt er félagsleg ráðgjöf, fjármálaráðgjöf og fjölskylduráðgjöf. Hjá stofnuninni starfa þrjár félagsráðgjafar sem m.a. leiðbeina fólki um réttindi sín eða aðstoða það við að sækja rétt sinn. Félagsráðgjafi fer tvisvar í mánuði á Suðurnesin og einnig er veitt félagsleg ráðgjöf á Akureyri þó þar sé hún smærri í sniðum. Önnur félagsleg aðstoð er í formi sumarbúða fyrir fjölskyldur sem boðið er upp á í samstarfi við Hjálpræðisherinn og í formi virkniúrræða. Virkniúrræðin eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða tveggja ára úrræði fyrir 20 mæður sem eiga það sameiginlegt að vera með örorku, þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og auka trú þeirra á eigin getu. Hitt úrræðið heitir *Töskur með tilgang* og er starfrækt í samstarfi við Hjálpræðisherinn. Þar koma um 60 konur af erlendum uppruna saman og sauma fjölnota innkaupapoka og annað úr gömlu efni. Verkefnið miðar að því að bæta félagslega stöðu kvennanna, sem flestar eru hælisleitendur eða flóttakonur, með því að gefa þeim tilgang og félagsskap.

Hjálpræðisherinn

Hjálpræðisherinn er alþjóðleg kristin hreyfing. Aðalskrifstofa Hjálpræðishersins á Íslandi er staðsett í Reykjavík en auk hennar eru tveir söfnuðir Hjálpræðishersins á Akureyri og í Reykjanesbæ. Hjálpræðisherinn veitir helst einstaklingum og barnlausum þörum aðstoð en einnig einstaka sinnum barnafjölskyldum. Takmörkunin við einstaklinga grundvallast á fjárskorti en hreyfingin hefur gert samning við Hjálparstarf kirkjunnar til að mæta betur þörfum umsækjenda sinna. Áhersla er lögð á að aðstoða bágstadda einstaklinga sem ekki fá nægilega aðstoð annars staðar. Aðstoð Hjálpræðishersins felst að stærstum hluta í úthlutun inneignarkorta í matvöruverslun. Að sögn forsvarskonu Hersins hafa samtökin veitt inneignarkort í u.þ.b. fimm ár og aðspurð um ástæðu þess að fyrirkomulagið var tekið upp nefndi forsvarskonan að valdefling notenda hafi legið þar að baki, en það þótti færa vald til notenda að gefa þeim kost á að kaupa sjálfir inn í stað þess að afhenda þeim mat. Upphæð inneignarkortanna er þó ekki há en á að duga til kaupa á nauðsynjavöru. Hjá Hjálpræðishernum er sömuleiðis alla jafna opið hús þar sem unnt er að fá heita máltíð án endurgjalds. Fyrstu sex mánuði ársins 2020 voru að meðaltali veittir rúmlega 600 matarskammtar í hverjum mánuði en þar sem Herinn bíður eftir að geta flutt í nýtt húsnæði hefur ekki verið boðið upp á heita máltíð frá því í júní 2020. Þá

getur fólk í þörf fengið að taka út vörur í Hertex, fata- og nytjamörkuðum á vegum Hjálpræðishersins. Í einstaka tilvikum styður Hjálpræðisherinn við tímabundinn vanda fólks við að greiða rafmagnsreikninga í vanskilum, leikskólagjöld og jafnvel lyf. Slíkt heyrir þó til undantekninga. Á Akureyri vinnur Hjálpræðisherinn með öðrum hjálparsamtökum á svæðinu.

Þau skilyrði sem Hjálpræðisherinn setur fyrir aðstoð eru að umsækjendur sýni tekjuyfirlit og yfirlit yfir húsnæðiskostnað. Að sögn forsvarskonu Hjálpræðishersins eru einstaklingar sem eiga í vanda með að greiða húsaleigu meðal þeirra sem leita aðstoðar Hjálpræðishersins, enda séu húsnæðismöguleikar fólks sem fær fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eða örorku- og ellilífeyri oft takmarkaðir. Gjarnan er um að ræða fólk sem vegna rýrrar fjárhagsaðstoðar sveitarfélags leitar á það ráð að leigja á svörtum markaði og hefur þá ekki rétt á húsaleigubótum. Foringjar Hjálpræðishersins veita fólki aðstoð við að sinna húsnæðisleit og einnig atvinnuleit en kallað var eftir auknu fjármagni til að geta ráðið félagsráðgjafa.

Mæðrastyrksnefnd Akraness

Mæðrastyrksnefnd Akraness hefur skrifstofu fyrir starfseminna en vegna takmarkaðs húsnæðis eru úthlutunarmöguleikar af skorum skammti. Aðstoðin einskorðast því að mestu við inneignarkort í matvöruverslun. Úthlutun hefur venjulega átt sér stað einu sinni til tvisvar á ári og þá helst um jól, en nefndin hefur þá stundum fengið stærra húsnæði til afnota og hefur þá getað tekið við þurrvöru til að úthluta samhliða inneignarkortum. Þá hefur úthlutun annað slagið átt sér stað um páska. Styrkur frá félagsmálaráðuneytinu gerði nefndinni kleift að veita mánaðarlegar úthlutanir haustið 2020 til viðbótar við hina hefðbundnu jólaúthlutun. Mæðrastyrksnefnd Akraness hefur úthlutað inneignarkortum í um átta ára skeið. Að sögn forsvarskonu nefndarinnar er fólk almennt ánægt með þetta fyrirkomulag þar sem það geti sjálft valið hvað það kaupir í matinn. Til þess að fá aðstoð Mæðrastyrksnefndar Akraness þurfa umsækjendur að skila inn staðgreiðsluskrá og búsetuvottorði.

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar er starfrækt í Tjarnalandi rétt utan Akureyrar og aðstoðar fólk um allan Eyjafjörð; frá Siglufirði að Grenivík. Aðstoð nefndarinnar er helst í formi inneignarkorta í verslunum, en nefndin styrkir einnig tórstundastarf barna, fermingar, sumarnámskeið á Hólavatni og bókakaup í framhaldsskólum. Þá veitir nefndin stuðning við sálfræðiviðtöl og aðstoðar við greiðslur í Motus. Inneignarkort í matvöruverslunum voru tekin upp árið 2012 þegar ný Mæðrastyrksnefnd tók til starfa en sýnt þótti að sá háttur hentaði umsækjendum betur en bein mataraðstoð. Til þess að fá aðstoð frá nefndinni er fólk beðið um að koma með staðgreiðsluyfirlit frá skattinum og einnig er tekið tillit til skuldastöðu umsækjenda. Nefndin

hefur verið með fastar úthlutanir fjórum sinnum á ári auk jólaaðstoðar. Í undantekningatilfellum hafa úthlutanirnar þó orðið fleiri. Einstaklingur með félagsráðgjafa- og djáknamenntun starfar á vegum samstarfsaðila á Eyjarfjarðarsvæðinu (þ.m.t. Mæðrastyksnefndar Akureyrar) og veitir viðtöl um fjárhagsstöðu og kemur fólki til aðstoðar. Einnig sjá konur með annars konar reynslu, s.s. leikskólakennarar og iðjupjálfi, um að veita viðtöl til þeirra sem leita til nefndarinnar. Nefndin hefur auk þess boðið upp á námskeið um fjármál og sjálfstyrkingu.

Mæðrastyksnefnd Kópavogs

Mæðrastyksnefnd Kópavogs er lítil og veitir takmarkaða aðstoð. Nefndin hefur verið lokuð undangengna mánuði vegna COVID-19. Aðstoð nefndarinnar hefur að mestu falist í úthlutun inneignarkorta í matvöruverslunum. Útdeiling inneignarkorta var tekin upp fyrir u.þ.b. 10-15 árum þar sem það þótti sýnt að það fyrirkomulag hentaði umsækjendum betur en matargjafir. Þá styrkir nefndin einnig fólk til fatakaupa. Til þess að fá úthlutað frá nefndinni þarf fólk að framvísa búsetuvottorði og staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra fyrir yfirstandandi ár. Enginn félagsráðgjafi starfar hjá nefndinni sem þó er talin rík þörf á vegna bágrar félags- og fjárhagsstöðu hópsins en ekki hefur verið unnt að koma því við þar sem fjárhag nefndarinnar er ábótavant.

Mæðrastyksnefnd Hafnarfjarðar

Mæðrastyksnefnd Hafnarfjarðar er lítil nefnd sem veitir nær eingöngu aðstoð fyrir jólin með því að úthluta inneignarkortum í matvöruverslunum. Þá aðstoðar nefndin einnig fjölskyldur með fermingar með sama fyrirkomulagi. Skilyrði fyrir úthlutun er að fólk sýni fram á að hafa lögheimili í Hafnarfirði með búsetuvottorði og framvísi staðgreiðsluskrá. Þá takmarkast aðstoðin við skilgreind tekjumörk. Að sögn forsvarskonu nefndarinnar takmarkast magn og gæði þeirrar þjónustu sem Mæðrastyksnefnd Hafnarfjarðar veitir af því fjármagni sem henni stendur til boða.

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur hefur starfað lengst mæðrastyksnefndanna og í Reykjavík er starfsemin umfangsmest. Þrátt fyrir að vera staðsett í Reykjavík, aðstoðar nefndin fólk um allt land. Til nefndarinnar leitar til dæmis fólk sem búsett er í Kópavogi og Hafnarfirði þrátt fyrir að þær séu starfsræktar mæðrastyksnefndir, enda veitir Mæðrastyksnefnd Hafnarfjarðar einungis fermingaraðstoð og jólaaðstoð og lokað hefur verið hjá Mæðrastyksnefnd í Kópavogi á tímum COVID-19.

Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur er með reglulegar úthlutanir á mat og fötum. Nefndin veitir einnig fermingarstyrki, greiðir námskeið fyrir börn, gefur nýburum ungbarnapakka og útvegar

afmælis- og jólagjafir. Einnig er veitt aðstoð vegna skólagöngu barna og er það gert með því að afhenda foreldrum inneignakort þegar barn hefur skólagöngu og útvega því skólatösku. Nefndin styrkir konur til náms og hefur sérstökum menntunarsjóði verið komið á fót í þeim tilgangi. Frá 2012 hafa yfir 300 konur fengið styrk úr sjóðnum. Veturinn 2020 - 2021 er 73 konum veittur námsstyrkur og stunda þær flestar nám á háskólastigi. Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur greiðir ýmislegt annað sem fellur til, til dæmis fyrir meðferðir og námskeið. Umfangsmesta aðstoð Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur felst í úthlutun á matvöru en um langt skeið hafa inneignarkort verið afhent samhliða mat til þeirra sem eru í mjög mikilli neyð. Samkvæmt forsvarskonu Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur stendur ekki til að breyta aðstoð nefndarinnar og sagði hún kost þess að úthluta mat felast í því að tryggt sé að aðstoðin nýtist í þágu barna. Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur á það sameiginlegt með öðrum hjálparsamtökum að biðja fólk að skila inn gögnum þegar það óskar eftir aðstoð. Nefndin notast við viðmið frá Umboðsmanni skuldara og allir notendur þurfa að sýna skattframtal.


Tafla 2. Tegund aðstoðar

	Fjölskyldu-- hjálp	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis- herinn	Mæðrastyrs- nefnd Akureyrar	Mæðrastyrs- nefnd Akraness	Mæðrastyrs- nefnd Kópavogs	Mæðrastyrs- nefnd Hafnafjarðar	Mæðrastyrs- nefnd Reykjavíkur
Úthlutun á matvöru	x		x					x
Heitur matur eða súpa			x					
Úthlutun á fatnaði	x	x	x			x		x
Inneignarkort	x	x	x	x	x	x	x	x
Lyf (styrkur fyrir lyfjum)	x	x	x					
Styrkur til tómstunda barna		x		x				x
Félagsleg ráðgjöf		x		x				

Líkt og sjá má í töflu 2 er töluverður munur á þeirri aðstoð sem hjálparsamtökin veita. Mæðrastyrsnefndir Akraness, Kópavogs og Hafnafjarðar veita fyrst og fremst aðstoð í kringum jól og úthluta þá inneignarkortum. Stór hluti aðstoðarinnar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Hjálpræðisherinum felst í að afhenda inneignarkort til fólks í fjárhagserfiðleikum en veigamesti þáttur aðstoðarinnar hjá Fjölskylduhjálpi Íslands og Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur er úthlutun á matvöru. Fjölskylduhjálpi Íslands og Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur eru mánaðarlega með úthlutun á mat en Hjálpræðisherinn var þrisvar með matarúthlutanir árið 2020, þ.e. í mars, apríl og maí. Hjálpræðisherinn býður auk þess upp á heita súpu í hádeginu en hjá hinum

samtökunum er ekki boðið upp á heitan mat². Félagsleg ráðgjöf er einungis á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar en á Akureyri starfar ráðgjafi á vegum samstarfsaðila á Eyjafjarðarsvæðinu en Hjálparstarf kirkjunnar sér um að greiða honum laun.

Þátttakendur í könnun meðal þeirra sem nýttu aðstoð hjálparsamtaka í október og byrjun nóvember voru spurðir hvort þeim hafi verið boðin félagsleg ráðgjöf. Svör þeirra eru í samræmi við svör forsvarskvennanna um að félagsleg ráðgjöf er veitt hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Aftur á móti vekur athygli að nokkur hluti þeirra sem sóttu aðstoð annarra hjálparsamtaka töldu sig hafa fengið félagslega ráðgjöf. Þannig virðist sem notendur hafi fengið stuðning frá samtökunum sem þeir upplifa sem félagslega ráðgjöf þrátt fyrir að hjá samtökunum sé ekki starfandi félagsráðgjafi (sjá mynd 1).




Mynd 1. Hafur þú verið boðin félagsleg ráðgjöf hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag?

Í lok spurningalistans til forsvarskvenna var þeim boðið að koma með tillögur að því hvernig hægt væri að bæta þjónustu samtakanna við fólk í fjárhagsvanda. Skortur á fjármagni var meðal þess sem nefnt var að stæði í vegi fyrir því að samtökin gætu veitt meiri og betri aðstoð. Þá benti ein forsvarskvennanna á að sameinuð þjónusta hjálparsamtaka myndi auka bæði möguleika og þjónustu við þá sem á þurfa að halda. Fram kom að til bóta væri að bjóða upp á heildræna þjónustu þar sem allar upplýsingar væru á einum stað og hægt væri að veita fólki stuðning og eftirfylgd yfir tíma.

² Þess má geta að Samhjálp býður einnig upp á kaffi og meðlæti fyrri part dags og heitan mat í hádeginu í kaffistofu sinni en Samhjálp var ekki til úttekta.

Fjöldi þeirra sem nýtir aðstoð hjálparsamtaka

Óskað var eftir tölulegum upplýsingum frá stærstu hjálparsamtökunum. Ekki reyndist unnt að fá fyrirliggjandi gögn frá Fjölskylduhjálpi Íslands og gögn frá Hjálpræðishernum veittu ekki upplýsingar um fjölda þeirra sem sóttu aðstoð heldur fjölda skipta sem aðstoð var veitt, en í sumum tilvikum getur sami einstaklingur sótt fleiri en eina úthlutun eða fleiri en eina tegund aðstoðar (t.d. bæði fengið úthlutað inneignarkorti og fengið súpu í hádeginu). Mynd 2 sýnir þ.a.l. einungis fjölda þeirra sem nutu aðstoðar tveggja hjálparsamtaka, þ.e. Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur. Myndin sýnir að fjöldi þeirra sem fær aðstoð er mestur í kringum jól. Athyglisvert er að bera saman fjölda þeirra sem fékk aðstoð í ágúst 2019 og ágúst 2020. Samanburðurinn sýnir að þeim hefur fjölgað töluvert sem fá aðstoð. Hjá Mæðrastyrsnefnd var aukningin 13% milli ára og hún var 58% milli ára hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Aukninguna má vafalaust rekja til áhrifa af COVID-19 en samkvæmt Vinnumálastofnun (e.d.) var atvinnuleysi 3,5% í ágúst 2019, hafði aukist í 9,5% ári síðar og var 11,1% í október 2020).



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga sem nutu aðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrsnefndar


Þó að ekki væri unnt að fá upplýsingar frá Hjálpræðishernum um fjölda þeirra sem leita til samtakanna í hverjum mánuði kom fram í svörum forsvarskonu Hersins að fjöldi þeirra sem fengu úthlutað inneignarkorti í ágúst 2019 var 20 manns en í ágúst 2020 hafði talan rúmlega tvöfaldast, eða 46 manns. Samskonar aukningar hafði orðið vart hjá Mæðrastyrsnefnd Akureyrar, en í ágúst 2019 var úthlutað 18 inneignarkortum en 23 inneignarkortum var úthlutað í ágúst 2020. Eins og þegar hefur komið fram veita mæðrastyrsnefndir í nágrenni Reykjavíkur ekki reglulega aðstoð og yfirleitt fara úthlutanir fram í kringum jól. Þó kom fram í svörum

forsvarskonu Mæðrastyrsnefndar Akraness að haustið 2020 fjölgaði umsækjendum sem leituðu til nefndarinnar. Í september 2020 var úthlutað til 42 fjölskyldna og í október 2020 náði úthlutun til 48 fjölskyldna.

Svör forsvarskvenna hjálparsamtakanna við spurningalistanum gáfu innsýn í ástæður aukningar á fjölda einstaklinga milli ára. Samkvæmt forsvarskonu Hjálparstarfs kirkjunnar hefur þeim fjölgað mikið sem hafa misst vinnu vegna COVID-19 og til samtakanna hefur leitað fólk sem á ekki rétt á atvinnuleysisbótum sökum lágs starfshlutfalls eða stutts starfsferils. Eins er stór hópur án tekna á meðan verið er að bíða eftir því að atvinnuleysisbætur séu greiddar út eftir að sótt er um bætur. Þá hefur forsvarskonan orðið vör við að margir þeirra sem leita til samtakanna á tímum COVID-19 eru mjög einmana og án tengslanets. Forsvarskona Hjálparæðishersins var á sama máli og kallaði eftir auknu fjármagni til þess að geta veitt fátæku fólki meiri og betri aðstoð. Viðtölin við félagsráðgjafana staðfestu fjölgun umsókna um aðstoð vegna atvinnuleysis og bættu við ofangreint, að láglaunafólk væri einnig vaxandi hluti þess hóps sem í auknum mæli tekst ekki að láta enda ná saman og leitar til hjálparsamtaka. Þá lögðu félagsráðgjafarnir áherslu á andlega viðkvæma stöðu hópsins í heild sinni og aukna félagslega einangrun.


Hversu oft er aðstoðin nýtt?

Samkvæmt gögnum frá Hjálparstarfi kirkjunnar var um helmingi fólks sem sótti um efnislega aðstoð frá júlí 2019 til júní 2020 veitt aðstoð oftari en einu sinni. Annar helmingur fær aðstoð einu sinni yfir árið. Að sögn forsvarskonu samtakanna er það er helst fyrir jól eða þegar nýtt lyfjaár hefst. Hjá Fjölskylduhjálpi Íslands fengust þau svör að mikill meirihluti nýti aðstoðina í hverjum mánuði. Þar sem Mæðrastyrsnefnd Akraness úthlutar einungis einu sinni til tvisvar á ári reyndist erfitt fyrir forsvarskonu samtakanna að svara því hvort fólk nýti aðstoðina reglulega. Mikill meirihluti þeirra sem nýta aðstoð hjá Mæðrastyrsnefnd Akureyrar nýtir aðstoðina reglulega en eins og þegar hefur komið fram eru úthlutanir hjá Mæðrastyrsnefnd Akureyrar ekki eins tíðar og hjá stærri hjálparsamtökum sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu. Þá leiddi greining á fyrirliggjandi gögnum frá Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur í ljós að um 80% þeirra sem nutu aðstoðar samtakanna frá september 2019 til ágúst 2020 höfðu komið í fleiri en eitt skipti. Stærsti hópur þeirra sem kom einungis í eitt skipti sótti úthlutun í kringum jól. Mynd 3 gefur samanburð á fjölda skipta sem aðstoð er veitt hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur og fjölda einstaklinga sem fá aðstoð. Myndin sýnir að úthlutanir eru mun fleiri en einstaklingarnir sem er í samræmi við svör forsvarskvennanna um að sumir fái úthlutað oftari en einu sinni yfir árið.



Mynd 3. Samanburður á fjölda einstaklinga sem fá aðstoð og magni aðstoðar sem er veitt yfir árið


Þátttakendur í könnuninni meðal notenda höfðu flestir nýtt aðstoðina oft en einu sinni á undangengnum 12 mánuðum. Mynd 4 sýnir að nokkur munur var á dreifingu svara eftir því hvaða hjálparstök um ræðir. T.d. var um þriðjungur þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og til Hjálpræðishersins að koma þangað í fyrsta sinn á undangengnum 12 mánuðum. Hlutfallið var lægra meðal þeirra sem leituðu til Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur, Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar (19-24%).



Mynd 4. Hversu oft, að jafnaði, hefur þú leitað til hjálparstakanna á undangengnum 12 mánuðum? – Svör notenda

Þátttakendur í könnuninni meðal notenda höfðu í fæstum tilvikum nýtt aðstoð fleiri en einna hjálparstaka á undangengnum 12 mánuðum. Mynd 5 sýnir að nokkur munur var á dreifingu svara eftir því hvaða hjálparstök um ræðir. Yfirgnæfandi meirihluti (89%) þeirra sem

svöruðu spurningalistanum hjá Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum hafði ekki leitað annað en hið sama átti við um 59% þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins og 63% þeirra sem leituðu til Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur.



Mynd 5. Hefur þú leitað til fleiri hjálparsamtaka á undangengnum 12 mánuðum? – Svör notenda

Af ofantöldu má ráða að fólk sem leitar til stærstu hjálparsamtakanna á Íslandi nýti aðstoðina nokkuð reglulega og að hlutfallslega flestir þeirra sem fá aðstoð leiti fyrst og fremst á einn stað.

Samsetning hópsins sem leitar til hjálparsamtaka

Í þessum kafla er fjallað um hvaða hópar leita til hjálparsamtakanna.

Atvinnustaða og framfærsla


Tafla 3 sýnir svör forsvarskvenna við spurningu um samsetningu hópsins sem leitar til hjálparsamtakanna m.t.t. atvinnustöðu. Taflan sýnir að samtökin aðstoða nokkuð misjafna hópa. Allar forsvarskonurnar sögðu konur með örorkubætur vera stóran hóp þeirra sem leita aðstoðar en á hinn bóginn eru ellilífeyrisþegar stór hópur þeirra sem nýta aðstoð Fjölskylduhjálpar Íslands og Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur en lítill hópur þeirra sem nýta aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar. Samkvæmt forsvarskonu Hjálparstarfs kirkjunnar eru flestir þeirra sem leita til samtakanna með börn á framfæri, enda var tekin ákvörðun um að setja barnafjölskyldur í forgang þegar samtökin hófu að afhenda inneignarkort. Þetta á sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu en hópurinn er fjölbreyttari á landsbyggðinni þar sem önnur hjálparsamtök eru ekki til staðar. Þessi áhersla á barnafjölskyldur skýrir að stórum hluta hvers vegna ellilífeyrisþegar leita frekar til Fjölskylduhjálpar Íslands og Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur en Hjálparstarfs kirkjunnar.

Tafla 3. Mat forsvarskvenna á atvinnustöðu hópsins sem nýtir aðstoð

	Fjölskyldu- hjálp	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis- herinn	Mæðrastyrs- nefnd Akureyrar	Mæðrastyrs- nefnd Akraness	Mæðrastyrs- nefnd Kópavogs	Mæðrastyrs- nefnd Hafnafjarðar	Mæðrastyrs- nefnd Reykjavíkur
Konur með örorkubætur	Stór	Stór	Stór	Stór	Stór	Stór	Nokkur	Stór
Karlar með örorkubætur	Nokkur	Nokkur	Stór	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Lítill	Stór
Atvinnulausar konur	Stór	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Stór	Stór
Atvinnulausir karlar	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Lítill	Nokkur	Stór
Konur í námi	Nokkur	Lítill	Lítill		Lítill	Lítill	Lítill	Stór
Karlar í námi	Lítill	Lítill	Lítill		Lítill	Lítill	Lítill	Lítill
Konur með lágar tekjur af launaðri vinnu	Stór	Stór	Lítill	Lítill	Lítill	Nokkur	Stór	Lítill
Karlar með lágar tekjur af launaðri vinnu	Nokkur	Lítill	Lítill		Lítill	Lítill	Nokkur	Lítill
Konur með ellilífeyri	Stór	Lítill	Nokkur	Lítill	Nokkur	Lítill	Lítill	Stór
Karlar með ellilífeyri	Stór	Lítill	Nokkur	Lítill	Lítill	Lítill	Lítill	Stór

Líkt og taflan sýnir, og viðmælendur hjá félagsþjónustunni bentu ítrekað á, var það mat forsvarskvenna samtakanna að láglaunafólk væri hópur sem leitar aðstoðar hjálparsamtaka, sér í lagi Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar. Láglaunafólk, í fullu starfi, uppfyllir að öllu jöfnu ekki skilyrði til fjárhagsaðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaga vegna tekjuviðmiða. Athygli vekur að konur eru í meirihluta þeirra sem leita aðstoðar í öllum flokkum töflu 3.


Niðurstöður könnunar meðal notenda gefa einnig vísbendingar um atvinnustöðu þeirra sem leita til hjálparsamtaka. Notendur voru spurðir hvort þeir væru í launaðri vinnu þessa dagana. Þátttakendur sem svöruðu spurningunni neitandi voru spurðir hver staða þeirra væri. Niðurstöðurnar eru í samræmi við það sem kom fram í svörum forsvarskvennanna, um að öryrkjar og atvinnulaust fólk eru stórir hópar þeirra sem leita til hjálparsamtakanna. Hlutfallslega fáir voru í launaðri vinnu, í samanburði við hlutfall atvinnulausra og öryrkja, en þó var um einn af hverjum tíu í launaðri vinnu. Mynd 6 sýnir að hlutfall atvinnulausra var hæst meðal þeirra sem sóttu aðstoð hjá Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum (59%) og í Reykjavík (47%) en hlutfall öryrkja var hæst meðal þeirra sem sóttu aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins (38%).



Mynd 6. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana? – Svör notenda

Þátttakendur í könnuninni, sem kváðust vera atvinnulausir, voru spurðir um lengd atvinnuleysis. Í ljós kom að meðallengd atvinnuleysis var 9,1 mánuður (staðalfrávik = 6,44; lægsta gildi = 1; hæsta gildi = 36). Tæplega þriðjungur hafði verið atvinnulaus í 1 til 5 mánuði, um helmingur hafði verið atvinnulaus í 6 til 11 mánuði og tæplega þriðjungur í 12 eða fleiri mánuði.


Í svörum við spurningunni um hvort fólk væri í launaðri vinnu var ekki gerður greinarmunur á því hvort fólk án atvinnu væri með atvinnuleysisbætur eða fengi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Mynd 7 gefur aftur á móti ítarlegri mynd af atvinnustöðu þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Þar sést að hlutfallslega flestir framfleyttu sér með fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga, með atvinnuleysisbótum og/eða örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Við spurninguna var hægt að merkja við fleiri en einn svarkost. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.



Mynd 7. Tekjulindir sem notendur hafa til lífsviðurværis – Svör notenda


Kynja- og aldurssamsetning

Svör forsvarskvenna við spurningalistanum benda til að konur séu í meirihluta þeirra sem nýta aðstoð. Þó var það mat forsvarskonu Hjálpræðishersins að konur og karlar fái aðstoð í álíka miklum mæli. Greining á fyrirliggjandi gögnum staðfesta mat forsvarskvennanna en einungis var hægt að kyngreina gögn frá Hjálparstarfi kirkjunnar og Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur. Konur voru 67% þeirra sem sóttu um efnislega aðstoð frá Hjálparstarfi kirkjunnar frá júlí 2019 til júní 2020 og 59% þeirra sem nutu aðstoðar Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur frá ágúst 2019 til júlí 2020. Greining á svörum við spurningum könnunarinnar meðal notenda gefa sömu mynd. Eins og sést á mynd 8 voru konur í meirihluta þeirra sem nýttu aðstoð stærstu hjálparsamtakanna þegar gagnaöflun fór fram í október og byrjun nóvember. Þó vekur athygli að kynjahlutfallið er ólíkt eftir því hvaða samtök um ræðir. Til dæmis voru konur 79% þeirra sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar en kynjahlutfallið var mun jafnara meðal þeirra sem leituðu til Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur, Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og Hjálpræðishersins.



Mynd 8. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt? - Svör notenda

Í svörum forsvarskvennanna kom jafnframt fram að aldurssamsetning þeirra sem leita til samtakanna sé nokkuð mismunandi. Þar sem Hjálparstarf kirkjunnar setur barnafjölskyldur í forgang, er hópurinn sem fær aðstoð samtakanna yfirleitt undir 40 ára aldri. Á hinn bóginn leiddu svör forsvarskvennanna í ljós að stærstur hluti þeirra sem leita til Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur eru á aldrinum 41 til 66 ára. Svör notenda við spurningakönnuninni styðja við þessa niðurstöðu. Eins og sést á mynd 9 voru hlutfallslega fleiri þeirra sem leituðu til Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum yfir 45 ára aldri (53%) en þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík, Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins (24-28%).



Mynd 9. Hver er aldur þinn? - Svör notenda


Fjölskyldugerð

Nokkuð misjafnt var milli hjálparsamtaka hvort um var að ræða fólk með börn á framfæri eða ekki. Tafla 4 sýnir svör forsvarskvenna samtakanna við spurningu um fjölskyldugerð þeirra sem til samtakanna leita og hvort um sé að ræða stóra eða litla hópa. Svör þeirra benda til að einstæðar mæður séu stór hópur þeirra sem leita til hjálparsamtaka á Íslandi. Þó sýna svörin að til Hjálpræðishersins leiti síður fólk með börn á framfæri en til annarra hjálparsamtaka. Að sögn forsvarskonu Hjálpræðishersins hefur Herinn gert samkomulag við Hjálparstarf kirkjunnar um að vísa þangað fólki með börn á framfæri. Hjálpræðisherinn tekur því nær eingöngu á móti einhleypu fólki og barnlausum pörum. Stafar þetta af því að Hjálpræðisherinn nýtur minni styrkja en Hjálparstarf kirkjunnar. Þegar spurt var hvort það hafi orðið breyting á samsetningu þess hóps sem leitar til samtakanna vegna fjárhagserfiðleika nefndi forsvarskona Mæðrastyrksnefndar Akureyrar að hlutur feðra sem væri með skipt forræði eða önnuðust barn sitt um helgar hefði aukist.


Tafla 4. Mat forsvarskvenna á fjölskyldugerð hópsins sem nýtir aðstoð

	Fjölskyldu- hjálp	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis- herinn	Mæðrastyrks- nefnd Akureyrar	Mæðrastyrks- nefnd Akraness	Mæðrastyrks- nefnd Kópavogs	Mæðrastyrks- nefnd Hafnafjarðar	Mæðrastyrks- nefnd Reykjavíkur
Einstæðar mæður	Nokkur	Stór	Lítill	Stór	Stór	Stór	Stór	Stór
Einstæðir feður	Nokkur	Lítill	Lítill	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Lítill	Nokkur
Einhleypar konur án barna	Nokkur	Lítill	Stór	Nokkur	Stór	Nokkur		Nokkur
Einhleypir karlar án barna	Nokkur	Lítill	Stór	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Lítill	Stór
Fólk í sambúð/hjónabandi með barn/börn	Stór	Stór	Lítill	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Nokkur
Fólk í sambúð/hjónabandi án barna	Nokkur	Lítill	Stór	Lítill	Lítill	Lítill	Lítill	Lítill

Myndir 10 og 11 sýna fjölskyldugerð þeirra sem svöruðu könnuninni sem lögð var fyrir notendur. Niðurstöðurnar eru í samræmi við niðurstöður frá forsvarskonum samtakanna um að til Hjálparstarfs kirkjunnar leiti fyrst og fremst fólk með barn eða börn á framfæri á meðan Hjálpræðisherinn beini aðstoð fremur að barnlausu fólki. Myndirnar sýna jafnframt að stærstur hluti þeirra sem nýtir aðstoð hjá Fjölskylduhjálpi Íslands í Reykjavík er með barn á framfæri.



Mynd 10. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtalinni/meðtöldum? – Svör notenda




Mynd 11. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri eru á heimilinu? – Svör notenda

Uppruni

Samkvæmt forsvarskonum Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins, Mæðrastyrksnefndar Kópavogs, Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur eru innflytjendur stór hópur þeirra sem leita til samtakanna eftir aðstoð. Forsvarskonur hjálpar-samtakanna á höfuðborgarsvæðinu voru sammála um að hlutur innflytjenda hafi aukist mjög á undangengnum árum og samkvæmt forstöðukonu Hjálparstarfs kirkjunnar eru innflytjendur nú ríflega 40% þeirra sem fá aðstoð samtakanna en voru 15% fyrir einungis örfáum árum. Í svörum forsvarskonu Hjálparstarfs kirkjunnar kom jafnframt fram að nokkur munur væri á atvinnustöðu fólks af íslenskum og erlendum uppruna. Flestir Íslendingar sem leiti til samtakanna séu með örorkulífeyri og margþættan vanda en innflytjendur séu sjaldnast með örorkulífeyri. Forsvarskona Mæðrastyrksnefndar Kópavogs sagði jafnframt að konur af erlendum uppruna ættu oft mjög erfitt uppdráttar, þar sem þær hefðu ekkert bakland, og ef þær væru með börn á framfæri væru feðurnir oftast fjarri. Forsvarskonur Mæðrastyrksnefndar Akraness og Mæðrastyrksnefndar Akureyrar höfðu aðra sögu að segja. Að þeirra sögn er einungis lítil hópur sem þangað leitar af erlendum uppruna. Forsvarskona Mæðrastyrksnefndar Akraness sagði að fólki af erlendum uppruna hafi fækkað á undanförunum árum þar sem margir væru fluttir til síns heima eða í önnur bæjarfélög.


Svör notenda við spurningalistum sem lagðir voru fyrir í október og byrjun nóvember 2020 gefa frekari vísbendingar um uppruna þeirra sem nýta aðstoð hjálparsamtakanna. Í heild voru 72% þeirra sem svöruðu spurningalistanum fædd utan Íslands. Mynd 12 sýnir að hlutfallslega fleiri þeirra sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins voru fædd á Íslandi (54 – 64%) en þeirra sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og í Reykjavík (17 – 28%). Stærstur hópur innflytjenda var frá Litháen (22% svarenda) og Venesúela (12% svarenda)³. Athygli vekur að einungis 4% þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru fæddir í Póllandi (sjá töflu iv í viðauka), en Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda á Íslandi. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 5,6% íbúa á Íslandi árið 2020 fæddir í Póllandi (20.515 manns), 0,9% íbúa voru fæddir í Litháen (3.299 manns) og einungis 0,1% íbúa voru fæddir í Venesúela (229 manns) (Hagstofa Íslands, 2020). Af þessu má ráða að stór hópur íbúa frá Venesúela leiti á náðir hjálparsamtaka.

³ Spurningalistinn var þýddur á ensku, pólsku, arabísku og spænsku. Tungumálaerfiðleikar komu í veg fyrir að sumir hópar gætu tekið þátt. Hlutur þeirra kann því að vera vanmetinn.



Mynd 12. Í hvaða landi ertu fædd(ur)? – Svör notenda

Mynd 13 sýnir að nokkuð misjafnt var hvort fólk af erlendum uppruna hafi komið til landsins sem innflytjendur eða flóttafólk. Hlutfall flóttafólks var hæst meðal þeirra sem nýttu aðstoð Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík en lægst meðal þeirra sem nýttu aðstoð Hjálpræðishersins.



Mynd 13. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi? – Svör notenda

Líkamlegar skerðingar, andleg veikindi og/eða vímuefnavandi


Forsvarskonur samtakanna voru einnig beðnar að meta hvort til þeirra leitaði fólk með vímuefnavanda og/eða fólk sem glímdi við langvarandi veikindi. Svör þeirra benda til þess að fólk, og þá sérstaklega konur, með líkamlegar skerðingar eða langvinn veikindi séu stór hópur þeirra sem leita til hjálparsamtaka. Hjá Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur fengust auk þess þau svör að fólk sem glímdi við vímuefnavanda væri nokkuð stór hópur þeirra sem þangað leitar

og forsvarskona Hjálpræðishersins sagði karla með vímuefnavanda skipa stærstan hóp þeirra sem leita til Hersins, ásamt flóttafólki.

Af ofantöldu er ljóst að til hjálparsamtaka leitar breiður hópur fátæks fólks á Íslandi. Gjarnan er um að ræða öryrkja og atvinnulaust fólk en einnig ellilífeyrisþega og fólk sem er með lágar tekjur af launaðri vinnu. Konur leita frekar til samtakanna en karlar og eru hlutfallslega flestir notenda með barn/börn á framfæri. Fólk af erlendum uppruna er jafnframt stór hópur þeirra sem nýtir aðstoð frá hjálparsamtökum á Íslandi.

Ástæða þess að leitað er til hjálparsamtaka

Mynd 14 sýnir að hlutfallslega flestir svarenda könnunarinnar höfðu leitað til hjálparsamtaka vegna atvinnuleysis (42%), tæpur þriðjungur hafði leitað til hjálparsamtaka vegna lágra tekna og ríflega fjórðungur vegna veikinda eða heilsuleysis. Samskonar spurningu var að finna í könnun sem Félagsvísindastofnun vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 en þá voru lágar tekjur oftast nefnd sem helsta ástæða þess að leitað væri á náðir hjálparsamtaka (Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 2010).




Mynd 14. Hver er helsta ástæða þess að þú leitar til hjálparsamtaka? – Svör notenda

Í könnuninni var jafnframt spurt um ráðstöfunartekjur heimilisins. Ráðstöfunartekjur heimilanna voru almennt mjög lágar og var meirihluti svarenda (77%) með ráðstöfunartekjur undir 300 þúsund krónum á mánuði en til samanburðar má benda á að samkvæmt kjarasamningi Eflingar og SA voru lágmarkslaun árið 2020, fyrir fullt starf, 335 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði (Efling kjarasamningur, 1. apríl 2020)⁴. Mynd 15 sýnir að nokkur munur var á ráðstöfunartekjum á heimili svarenda eftir því til hvaða hjálparsamtaka þeir leituðu. Til dæmis voru mánaðarlegar

⁴ Með ráðstöfunartekjum heimila er átt við samanlagðar tekjur þeirra sem búa á heimilinu að frádrögnum sköttum og greiðslum í lífeyrissjóð. Lágmarkslaun Eflingar miða við allar greiðslur sem falla til innan 40 stunda vinnuviku, fyrir skatt og annan frádrátt.


ráðstöfunartekjur ríflega helmingi þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins (53%) og 43% þeirra sem leituðu til Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur 200 þúsund krónur eða lægri. Hlutfallið var lægra meðal þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar, eða á bilinu 26 til 30%.



Mynd 15. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði? – Svör notenda


Til þess að fá mynd af því hve stórum hluta tekna er varið í ýmis föst útgjöld voru þátttakendur í könnuninni spurðir hversu hárru upphæð þeir verðu í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánnum, lyfjakaup og heilsugæslu og í samgöngur. Mynd 16 sýnir að stór hópur varði yfir 100 þúsund krónum á mánuði í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánnum. Hlutfallslega fleiri þeirra sem nutu aðstoðar Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar greiddu yfir 200 þúsund krónur á mánuði í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánnum (31 – 33%) en þeirra sem nutu aðstoðar Mæðrastyksnefndar Reykjavíkur, Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og Hjálpræðishersins (0 – 17%). Hér verður að hafa í huga að til Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og Hjálparstarfs kirkjunnar leitar gjarnan fólk með barn á framfæri sem líklega skýrir hærri útgjöld hjá þessum hópi.

Að meðaltali voru svaðendur í könnuninni að greiða 158 þúsund krónur á mánuði í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánnum (staðalfrávik = 73 þúsund kr.). Þegar upphæðinni var deilt með heildarráðstöfunartekjum á mánuði kom í ljós að svaðendur voru að jafnaði að greiða 62% af ráðstöfunartekjum heimilis í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánnum. Óvíst er hvort svaðendur hafi tekið tillit til húsnæðisbóta í svörum sínum við spurningunni.




Mynd 16. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánum? – Svör notenda

Mynd 17 sýnir að nokkur dreifing var á því hve miklum fjármunum notendur vörðu í lyfjakaup og heilsugæslu. Um fjórðungur svarenda vörðu yfir 20 þúsund krónum á mánuði í þennan útgjaldalið.




Mynd 17. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í lyf og heilsugæslu? – Svör notenda

Mynd 18 sýnir að munur var á því hve miklum fjármunum var varið í samgöngur eftir því hvar þeir svörðu spurningakönnuninni. Yfir helmingur þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins vörðu innan við 10 þúsund krónum á mánuði í samgöngur en til samanburðar var prósentuhlutfallið 14% meðal þeirra sem sóttu aðstoð hjá Fjölskylduhjálp Íslands í Reykjavík.



Mynd 18. Hversu hárrí upphæð, svona um það bil, er varið í samgöngur? – Svör notenda

Eins og sjá má á mynd 19 var nokkuð um að notendur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda veittu ættingjum erlendis fjárhagslega aðstoð. Ekki eru birtar niðurstöður fyrir Hjálpræðisherinn þar sem einungis fimm svaendur þaðan voru innflytjendur, flóttafólk eða hælisleitendur. Myndin sýnir að þátttakendur sem svöruðu spurningakönnuninni hjá Hjálparstarfi kirkjunnar (8%) voru ólíklegri til að veita ættingjum erlendis fjárhagslega aðstoð en þátttakendur sem nýttu aðstoð hinna hjálparsamtakanna, og þá sérstaklega þeirra sem nýttu aðstoð Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík (40%). Í töflum xxii a og xxii b í viðauka er að finna dreifingu svara allra þátttakenda, óháð uppruna þeirra. Þar sést að nokkuð var um að svaendur sem ekki voru innflytjendur, flóttafólk eða hælisleitendur veittu ættingjum erlendis fjárhagslega aðstoð (14%) en slíkt var mun algengara meðal þeirra sem tilheyrðu hópi innflytjenda, flóttafólks eða hælisleitenda (27-30%).




Mynd 19. Veitir þú ættingjum sem búsettir eru erlendis fjárhagslega aðstoð? – Svör innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda

Ofantaldar niðurstöður sýna að notendur sem leita til hjálparsamtaka búa við bága fjárhagslega stöðu. Flestir eru utan vinnumarkaðar, ráðstöfunartekjur heimilanna eru lágar og stórum hluta ráðstöfunartekna er varið í föst útgjöld á borð við húsaleigu eða afborganir af húsnæðislánum. Þrátt fyrir bága fjárhagslega stöðu var nokkuð um að þátttakendur í könnuninni veittu ættingjum sem búsettir eru erlendis fjárhagslega aðstoð en óljóst er um hve háa upphæð var að ræða.


Reynsla og viðhorf notenda

Í könnuninni voru notendur spurðir hvar þeir fengu fyrst vitneskju um að þeir gætu nýtt aðstoð hjálparsamtakanna sem þeir leituðu til þann daginn. Hlutfallslega flestir höfðu fyrst fengið fregnir af hjálparsamtökunum í gegnum vin eða vinkonu. Töluverður munur var á því hvar þátttakendur fengu fyrst fregnir af samtökunum eftir því hvar þeir svöruðu spurninga-könnuninni. Til dæmis hafði 61% þeirra sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur fyrst frétt af nefndinni í gegnum vin eða vinkonu en hið sama átti við um 21% þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins. Meðal svarenda Hjálpræðishersins var aftur á móti algengast að hafa fyrst fengið vitneskju um samtökin hjá ráðgjafa í félagsþjónustu sveitarfélaga (42%) (sjá mynd 20).




Mynd 20. Hvar fékkst þú fyrst vitneskju um að þú gætir nýtt þér aðstoð hjálparsamtakanna sem þú leitar til í dag? – Svör notenda

Eins og sjá má á mynd 21, var munur á því hvort þátttakendur í könnuninni höfðu lent í að bíða í bíðröð utandyra eftir því til hvaða hjálparsamtaka þeir leituðu. Nærri helmingur þeirra sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum hafði alltaf þurft að bíða í röð utandyra eftir aðstoð en hlutfallið var einungis 9% meðal þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins og 7% meðal þeirra sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar.



Mynd 21. Hefur þú allaf, oft, stundum, sjaldan eða aldrei lent í biðröð utandyra þegar þú hefur sótt úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Svör notenda


Almennt var mikil ánægja með viðmót þeirra sem sinntu úthlutun hjá hjálparsamtökunum. Eins og sést á mynd 22 var enginn frekar óánægður eða mjög óánægður með viðmótið. Myndin sýnir því fyrst og fremst mun á milli hjálparsamtaka á því hvort svarendur voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir. Allir þeirra sem leituðu til Hjálpræðishersins voru mjög ánægðir með viðmót þeirra sem sinntu úthlutun en til samanburðar voru 48% þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum og 56% þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík mjög ánægðir með viðmótið.



Mynd 22. Þegar á heildina er lítið ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót þeirra sem sinna úthlutun hjá hjálparsamtökunum sem þú leitar til í dag? – Svör notenda

Í könnuninni voru þátttakendur jafnframt spurðir hvort þeim hugnaðist betur að fá úthlutað mat eða inneignarkorti. Mynd 23 sýnir að hlutfallslega flestir vildu fá inneignarkort, ef þeir mættu ráða. Munur var á dreifingu svara eftir því til hvaða hjálparsamtaka var leitað. Til dæmis vildi

fjórðungur þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands á Suðurnesjum heldur fá úthlutað mat en einungis 6% þeirra sem leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar voru sama sinnis.



Mynd 23. Ef þú mættir ráða, hvort myndi hugnast þér betur að fá úthlutað mat eða inneignarkort í matvöruverslunum? – Svör notenda

Í heild má því segja að notendur hafi upplifað jákvætt viðmót af hálfu þeirra sem sinna aðstoðinni en að það séu þó tækifæri til að bæta aðstoðina, t.d. með því að koma í veg fyrir að notendur þurfi að bíða í biðröð fyrir utan hjálparsamtökin og að fólk fái inneignarkort í matvöruverslanir í stað þess að vera úthlutað mat. Á þetta var einnig minnst í svörum notenda við opinni spurningu í lok könnunarinnar sem fjallað er um hér að neðan.

Opin svör

Í spurningalistanum sem lagður var fyrir fólk sem nýtti aðstoð hjálparsamtaka var ein opin spurning þar sem fólk var gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Minnihluti þeirra sem tóku þátt í könnuninni nýtti sér opna svarmöguleikann. Þeir sem það gerðu voru af ýmsum uppruna. Ásamt svörum á íslensku mátti t.d. finna svör á spænsku, ensku, pólsku o.fl. Mörg opnu svaranna hljóðuðu upp á að viðkomandi hefði engu við könnunina að bæta og nokkrir þökkuðu fyrir þá þjónustu sem hjálparsamtökin veita.

Í svörunum var þó einnig að finna athugasemdir um hvernig væri unnt að bæta aðstoðina. Nokkuð margir notendur kölluðu eftir því að matarúthlutun yrði skipt út fyrir úthlutun korta í matvöruverslunum. Auk þess að líta á það sem möguleika til þess að breyta biðraða-fyrirkomulaginu minnst þó nokkrir á að sá matur sem fólk fengi úthlutað hentaði ekki öllum og einhverjir sögðu að oftast en ekki væri um „óholla“ og jafnvel „útrunna“ matvöru að ræða sem fólk stæði til boða. Loks var kallað eftir því að úthlutanir ættu sér oftast stað.

Flestir þeirra sem nýttu opna svarmöguleikann gerðu fyrirkomulag aðstoðar að umræðuefni. Einn þátttakenda sagði „sporin [eftir aðstoð] aldrei létt og það mætti reyna að gera

fólki léttara að sækja aðstoð“. Það að geta ekki séð sjálfum sér farborða og þurfa að leita á náðir hjálparsamtaka er eitt og sér erfið reynsla en að þurfa auk þess að „standa í röð“ eftir aðstoð eykur á þá vanlíðan sem fylgir því að lifa við skort. Staðsetning úthlutunarstöðva hjálparsamtaka er misjöfn en fólk þarf í sumum tilvikum að „standa í röð úti“ sem þátttakendur segja „erfitt yfir vetur, sérstaklega fyrir þá sem eru veikir fyrir“, en líkt og úttektin leiddi í ljós er stór hluti fátækra fólk sem á við veikindi að stríða. Að standa úti í kulda og rysjóttu veðurfari getur því valdið þeim sem þurfa að leita á náðir hjálparsamtaka heilsufarlegum óþægindum. Þá kom fram að úthlutanir „mættu vera á minna opinberum stað, ekki alveg í allri umferð“ sem er vísbending um að þeir sem standa í röð eftir aðstoð á opinberum vettvangi upplifi niðurlægingu til viðbótar við þau þungu skref og óþægindi sem fylgja stöðu þeirra sem sækja um aðstoð hjálparsamtaka. Einn þátttakenda vísaði í fyrirkomulagið sem „ómanneskjulegt“. Sem lausn á þessum vanda bentu þátttakendur á að hjálparsamtök mættu „frekar úthluta komutíma“ fyrir notendur og að „betra væri að fá kort en að standa í röð úti“. Með öðrum orðum var kallað eftir því að leita leiða til að draga úr þeim óþægindum og niðurlægingu sem þátttakendur upplifðu af fyrirkomulagi úthlutana.

NIÐURSTÖÐUR UM SÝN FÉLAGSRÁÐGJAFÁ

Viðtöl sem tekin voru við félagsráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni gáfu innsýn í það hverjir standa höllum fæti í íslensku samfélagi, hvernig aðstoð hjálparsamtaka nýtist þeim sem standa höllum fæti og hvernig unnt væri að styðja betur við þann hóp sem býr við kröpp kjör.

Fátækt fólk á Íslandi

Viðtölin við félagsráðgjafa bentu eindregið til að þörf væri á raunsannari skilgreiningu á því hverjir standa höllum fæti í íslensku samfélagi sem endurspegladi stöðu fólks og nýttist um leið sem greiningartæki við að mæta þörfum hópsins. Viðmælendum fannst hugtakið „fátækt“ lýsandi sem yfirheiti fyrir hópinn, en hugtakið fátækt væri þó sjaldan notað þótt „engin staða [væri] verri en þeirra sem þurfa á neyðaraðstoð hjá Reykjavíkurborg að halda“, líkt og einn viðmælandi komst að orði. Annar viðmælandi sagði hugtakið fátækt tengt gamalli tíð í íslenskri sögu og að „pólitíkin sem stjórnar og stýrir öllu“, ekki einungis fjárhagslegum rekstri heldur einnig hugtakanotkun, viðurkenni ekki fátækt sem hluta samtímans. Með öðrum orðum er hugtakið fátækt spyrnt sögulegri fortíð sem ekki er talin hæfa ímynd nútímans á Íslandi.

Á sama tíma kom ítrekað fram í viðtölunum að fátækt á Íslandi samtímans væri staðreynd, hún væri sýnileg og áþreifanleg, og að hópurinn sem félli undir skilgreininguna færi ört stækkandi. Aðspurður að því hvaða hópur það væri sem leitaði eftir fjárhagsaðstoð sagði einn viðmælandi t.d.:

Hópurinn er mjög breiður sem leitar hingað, en [þetta er] stór hópur sem er eingöngu á fjárhagsaðstoð. Og hann er náttúrlega fátækur, sá hópur, fjárhagsaðstoðin er náttúrlega ekki há.

Viðmælendur voru allir sammála um að fátækt fólk væri fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir og átti það bæði við um fólk sem leitaði á náðir félagsþjónustunnar til að fá fjárhagsaðstoð og fólk sem ætti ekki rétt á aðstoð. Stóran hluta hópsins mynda einstaklingar sem eiga við einhvers konar veikindi að stríða, svo sem fólk með geðræn vandamál. Þar af er fólk sem hefur veikst og bíður eftir að komast á örorku og fólk sem á ekki rétt á þjónustu hjá VIRK, en skilyrði fyrir því að komast þar að eru að fólk hafi getu og vilja til að taka virkan þátt í starfsendurhæfingunni. Með orðum eins viðmælenda:

Minn stærsti skjólstæðingahópur [...] það eru þeir sem eru að glíma við veikindi. Það hefur svona verið fólk sem hefur verið að leita milli kerfa, það kannski sækir um endurhæfingu, fær synjun þar, er leiðbeint með að sækja um örorku, fær synjun líka þar [...] það er svona verið að henda á milli [...]. Það er verið að finna farveg innan kerfisins. Og svo er þetta náttúrlega líka fólk sem kannski getur ekki sinnt endurhæfingu og er jafnvel í vímuefnum eða með geðraskanir eða annað.

Þannig skipa hópurinn að töluverðu leyti þeir sem falla á milli skips og bryggju í kerfinu. Sömuleiðis getur verið um að ræða fólk í atvinnuleit sem hefur annaðhvort verið það lengi atvinnulaust að það er búið með rétt sinn til atvinnuleysisbóta eða fær fjárhagsaðstoð þar sem það hefur aldrei unnið sér inn bótarétt með þátttöku á vinnumarkaði. Hluti þeirra sem nefndir eru hér að ofan að viðbættum öldruðum með skertan lífeyri, eru þeir sem fleyta sér áfram jafnvel „árum saman á fjárhagsaðstoð“.

Aðspurð um fjölskylduáðstæður þeirra sem fá fjárhagsaðstoð sögðu viðmælendur hópurinn samanstanda af „einstaklingum og fjölskyldum“. Einstæðar mæður eru að sögn viðmælenda meðal þeirra sem oft leita tímabundið á náðir félagsþjónustunnar með framfærslu en á sama tíma kom fram að aðstoð til einstæðra mæðra væri oftar en ekki ítrekuð, þ.e.a.s. birtist í endurtekinni, tímabundinni aðstoð. Þá fer fjölgandi þeim sem hafa verið án atvinnu lengi og beðið þess andlegan skaða.

Fólk af erlendum uppruna er stækkandi hópur fólks sem hefur ekki aðrar bjargar en að framfleyta sér og sínum með fjárhagsaðstoð félagsþjónustunnar. Viðmælandi einnar þjónustumiðstöðvarinnar taldi fólk af erlendum uppruna nema um fjórðungi þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá þeirri miðstöð. Aðspurð sagði viðmælandi hópinn fjölbreyttan:

Þetta getur bæði verið fólk sem kemur frá Evrópu og er í atvinnuleit og hefur misst vinnuna af einhverjum ástæðum eða er sjúklingaskrifað eða hvernig sem er, eða fólk sem kemur utan Evrópu. Og svo getur þetta líka verið flóttafólk, sem, þau fá ekki vinnu. Það vantar ekki vinnuviljann, en fólk fær ekki vinnu.

Það eina sem hópur fólks af erlendum uppruna á sameiginlegt er, líkt og einn viðmælandi orðaði það: „þetta er fólk sem hefur ekki góða stöðu í samfélaginu“. Slæm staða hópsins grundvallast í heildina á tungumálaörðugleikum, menningarmun og skorti á tengslaneti. Stórfjölskyldutengslið vantar og fólk á erfitt með að fóta sig í annarri vinnuþingunni, stjórnsýslu og skóla, eða í stuttu máli í samfélaginu í heild sinni. Að sögn viðmælenda er því ört stækkandi hópur vinnufærs fólks af erlendum uppruna sem í ráðleysi sínu sér ekki annan kost en að sækja um fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.

Orðróminn um útlendingana sem þiggja fjárhagsaðstoð af íslenska ríkinu og senda peningana úr landi sögðu viðmælendur stóryktan. Að sögn viðmælenda tekst þó sumum að senda „einhverjar krónur“ til fjölskyldna sinna erlendis. Í viðtölunum var menningarbundinn aðstöðumunur undirstrikaður sem ástæða þessa. Í heimalöndum margra væri um einhverskonar „framfærsluskyldu“ að ræða. Margir kæmu frá löndum þar sem velferðarkerfi fyrirfinnst ekki og menningin mælti á um að þeir sem væru í vinnu sæju fjölskyldum, öldruðum og börnum farborða. Þá var bent á að margir koma úr erfiðum aðstæðum og atvinnuleysi, og jafnvel frá landi þar sem geisað hefur stríð og „þú ert kannski með hálfgerð samviskubít, þú fórst, þú ert komin í öryggið og svo skildirðu hina eftir“ eins og einn viðmælandi orðaði það. Ef „eitthvað er afgangs“ af peningum, hversu lítið sem það er, „ber að senda það heim“. Með öðrum orðum er það óskrifuð regla og hefð að sá sem á aflögu deili með öðrum í fjölskyldunni. Og einn viðmælenda sagði: „Ja, myndum við ekki gera það sjálf, að hjálpa til ef við gætum?“.

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) er kveðið sérstaklega á um þjónustu við þrjá viðkvæma hópa: unglinga, aldraða og fatlað fólk. Þrátt fyrir stóraukinn hóp fólks af erlendum uppruna, taka löggin ekki sérstaklega til hans. Viðtölin við félagsráðgjafa í þessari úttekt leiddu ótvírætt í ljós að hópur fólks af erlendum uppruna sem leita á náðir félagsþjónustunnar um framfærslu þarf á sértækum úrræðum að halda. Annar hópur, sem viðmælendur vöktu athygli á, er láglaunafólk. Láglaunafólk er að mati viðmælenda hópur sem

fellur undir skilgreininguna „fátækt fólk“ en á ekki rétt á neinum úrræðum félagsþjónustunnar þar sem tekjur þess eru rétt yfir lágmarks viðmiðunarmörkum:

Við [hjá þjónustumiðstöðvunum] erum ekki að sjá hópinn sem ég held að sé orðinn fátækur í dag. Það er þessi hópur sem er í lægst launuðu störfunum og er að svona að detta á pari við örorkuna ef þú bætir við börnunum, og sérstaklega kannski hjón sem bæði eru á lægstu launum, því þá njóta þau ekki neins afsláttar, eru ekki að fá neina niðurgreiðslu með börnum eða neitt slíkt. Og það er sá hópur sem við getum ekki aðstoðað fjárhagslega séð. Þau eru rétt yfir mörkunum okkar.

Þannig var því lýst hvernig láglaunafólk er hópur sem þrátt fyrir bága stöðu er falinn í umræðunni um þá sem eru verst settir. Samkvæmt viðtölunum telur láglaunafólk einnig til þeirra einstaklinga sem leita til hjálparsamtaka til þess að „lifa mánuðinn af“.

Einn viðmælandi vitnar í orð ungrar, einstæðrar móður sem hafði fengið fjárhagsaðstoð og veigraði sér við að fara aftur á vinnumarkað:

Hvernig á ég að geta farið í vinnu? Ég er á framfærslu og ef ég fer að vinna á lágmarkslaunum, þá þarf ég að fara að borga meira fyrir allt, og ég þarf að koma barninu mínu fyrir og borga dagvistunargjöld og svona.

Þannig var því lýst hvernig það var meira skjól fyrir þessa einstæðu móður að lifa á framfærslu en að vera í starfi á lágmarkslaunum, enda duga lágmarkslaun skemur þegar greiða þarf af þeim dagvistun og annan kostnað fyrir barn. Að auki var bent á að því fylgi streita að ná í og úr vinnu og leikskóla í tíma.

Fólkið sem myndar hóp fátækra á Íslandi endurspeglar þann fjölpætta félagslega vanda sem þrífst í samfélaginu og um leið gallana í kerfinu sem er ætlað að hjálpa fólki en heldur samt sumum í fjöturum fátæktar:

Fólk sem er kannski bara langvarandi atvinnulaust og með langvarandi vanda sem passar samt ekki inn í einhver box [...]. Það er bara mjög alvarlegt ástand að vera langtímaatvinnulaus og að vera á langvarandi fjárhagsaðstoð. Þú ert lengi í fátæktargildrunni, það drabbast allt hjá þér, maður getur ekki verið endalaust í sömu fötunum, ekki mörg ár í röð. Tækin hjá manni eyðileggjast, og þú getur aldrei endurnýjað neitt, og svo náttúrlega fyrir utan andlegu heilsuna.

Ástæður fyrir stöðu þeirra sem skipa hóp fátæks fólks á Íslandi samtímans eru samofnar þeim þáttum sem einkenna hópinn; atvinnu- og heilsutapi í bland við viðkvæma, félagslega stöðu.

Sýn félagsráðgjafa á hjálparsamtök

Talið er að góðgerðarstarfsemi hafi fylgt mannkyninu frá upphafi byggða. Góðgerðum við fátækt fólk í Evrópu var frá miðöldum sinnt af hástétt og kirkju en eftir sem á leið, u.þ.b. frá og með 17. og 18. öld, færðist góðgerðarstarf í auknum mæli yfir á hið opinbera. Góðgerðarstarf, eða hjálparstarf, er séð sem nokkurs konar undanfari þeirrar starfsemi sem velferðarkerfi Vesturlanda hafa þróað og innt af hendi frá miðri 20. öld (sjá t.d. Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2012; Payne, 2005). Mikilvægi hjálparsamtaka, bæði innan ríkja og á alþjóðavettvangi, er viðurkennt á Vesturlöndum. Starfið er almennt tengt grasrótinni og sinnt í sjálfböðavinnu að einhverju leyti, en vestræn ríki styðja á sama tíma starfsemina með fjárframlagi til einhverra stofnana og umbuna framlag fyrirtækja og einstaklinga til góðgerðarmála með skattaívilnunum (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2012).

Í viðtölum við félagsráðgjafa mátti greina ákveðna togstreitu um réttmæti þess að hjálparsamtök starfi samhliða opinberri velferðarþjónustu. Viðmælendur sammæltust í grunninn um að starfsemi hjálparsamtaka ætti að vera óþörf með þeim rökum að „við búum í velferðarríki og kerfið á að grípa alla“, líkt og einn viðmælenda komst að orði. Á sama tíma var ítrekað að ekki væri hægt að líta fram hjá nauðsyn þess að hjálparsamtök bættu við það sem vantaði upp á í velferðarkerfinu í dag. Afstaða félagsráðgjafanna, sérstaklega þeirra sem störfuðu á höfuðborgarsvæðinu, endurspeglast í orðum eins viðmælenda um að í raun „sé það ekki velferðarþjónustunnar að vísa á [hjalparsamtök], við [félagsþjónustan] eigum að geta séð um þetta“. Á sama tíma er raunin sú að það velferðarkerfi sem byggt hefur verið upp á Íslandi og úrræðin sem standa fátæku fólki til boða innan kerfisins duga ekki til:

Ég var einmitt með fund með deildinni minni í morgun og var að ræða þetta við þau [...], og þá kemur í ljós að sumir eru að benda á [hjalparsamtök] af því að upphæðirnar sem við erum að greiða fólki eru náttúrliga bara mjög lágar. Og það segir sig sjálft að ef þú ert [með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga] þá ertu mjög fljótt búinn með peninginn. [...] Fólk leitar til hjálparsamtaka. Sérstaklega svona seinni hluta mánaðar. Þegar fólk á ekki lengur fyrir neinu.

Tilgangurinn helgar þannig meðalið. Þvert á þá sýn að velferðarkerfið sjálft eigi að sjá um alla sína þegna benda félagsráðgjafar á hjálparsamtök sem neyðarúrræði þegar allt annað þrýtur.

Viðmælendur voru á sama tíma sammála því að þeirri hugmyndafræði sem stýrir rekstri hjálparsamtaka þurfi að breyta, eða með orðum eins þeirra:

Í dag felur kerfið sjálft í sér niðurbrot fyrir fólk sem leitar á náðir [...] hjálparsamtaka eða a.m.k. formið á þeim er úrelt fyrirbrigði. Þyrfti að breyta aðferðafræðinni, má vera grasrótstarf ennþá, en bara formið brýtur fólk niður, þetta, að standa í röð.

Með öðrum orðum má segja að togstreitan í orðræðu viðmælenda um bæði tilvist hjálpar-samtaka og samstarf við þau hafi að hluta til sæst í þeirri skoðun að formgerð og þjónustu-aðgengi hjá hjálparsamtökum þurfi að breyta; „þannig að fólk haldi reisn“.

Viðtölin við félagsráðgjafa á landsbyggðinni gáfu þó aðra sýn á hjálparsamtök. Fram kom að á landsbyggðinni ætti félagsþjónustan í samstarfi við hjálparsamtök á hverju svæði í þeim tilgangi að efla og styrkja aðstoð við fátækt fólk. Þó nokkur hjálparsamtök eru með starfsemi á landsbyggðinni og í viðtölunum kom fram að hlutverk þeirra og eðli samstarfs við félags-þjónustuna væri misjafnt. Aðkoma hjálparsamtakanna færi fyrst og fremst eftir mannskap og því hvað þau hafa yfir miklu fjármagni að ráða. Sum samtakanna hafi ekki tök á að veita reglubundna aðstoð vegna skorts á fjármagni á meðan aðstoð annarra er tíðari.

Samkvæmt viðmælendum hefur Hjálparstarf kirkjunnar meira fjármagn til að veita aðstoð en önnur samtök og er þar með í stakk búið til að veita bæði fjölþættari og kostnaðarsamari aðstoð svo sem að sinna ráðgjöf samhliða úthlutun:

Flestir [úr notendahópnum eru] að leita til Hjálparstofnunar kirkjunnar. [...] við borgum t.d. aldrei heilbrigðiskostnað af því að hann er að hluta til greiddur niður af ríkinu, en eins og kerfið er í dag, þá [...] maður borgar eitthvað ákveðið og svo lækkar upphæðin eftir því sem þú borgar meira. Og fólk á bara í mjög miklum erfiðleikum með þetta. Og fólk [...] hefur hreinlega ekki efni á því að fara til læknis. En Hjálparstofnun kirkjunnar hjálpar fólki að borga lyfjakostnað.

Læknis- og lyfjakostnaður reynist fólki oft erfiður hjalli að sögn viðmælenda, sérstaklega stórum hópi notenda sem eiga við langvarandi veikindi að stríða, bæði líkamleg eða andleg, og þurfa meiri læknishjálp og lyfjaaðstoð en gengur og gerist. Í viðtölunum kom fram að hugmyndafræði Hjálparstarfs kirkjunnar samræmist þeirri heildrænu nálgun sem félagsþjónustan vinnur eftir í starfi með fátæku fólki:

Við erum mjög ánægð með þá þjónustu sem kirkjan er að veita, mér finnst þeir taka svona heilt á þessu, verið að vinna með fólki [...] þá eru þeir líka oft að taka inn fólk sem við náum ekki að mæta, eins og fólk sem er með innkomu ofar en fjárhagsaðstoð [...] eins og öryrkjar með of háan leigu-kostnað.

Önnur hjálparsamtök sem nefnd voru í viðtölunum mættu öðrum þörfum, s.s. grunnþörfum líkt og mat: „Ég t.d. hef alveg vísað á matarúthlutanir hjá Fjölskylduhjálp“, segir t.a.m. ein viðmæl-enda. Fatamarkaðir Rauða krossins og Hjálpræðishersins komi einnig að ótvíræðum notum:

Og þá höfum við auðvitað stundum samband við þau [Rauða krossinn og Hjálpræðisherinn] ef það vantar eitthvað, það hefur til dæmis komið fyrir að fólk er á leiðinni á fæðingardeildina og á ekki neitt, og þá er haft samband og reynt að fá eitthvað handa þeim.

Þau úrræði sem hjálparsamtök hafa upp á að bjóða eru því afar mismunandi og möguleikar þeirra til að veita aðstoð eru háðir fjármagni hverra samtaka.

Önnur samtök sem úttektin náði ekki til, en minnst var á í viðtölunum eru Pepp Ísland, grasrótarsamtök sem berjast gegn fátækt. Samtökin leggja áherslu á að upplýsa fólk um fátækt og afleiðingar hennar og aðstoða fólk við að finna lausn á sínum málum. Samtökin sinna einnig beinni aðstoð með því t.d. að gefa mat einu sinni í viku. Þá segja viðmælendur samtökin Pepp leggja áherslu á að sinna fólki af erlendum uppruna:

Þeir hafa tekið mjög vel og hressilega á móti fólki af erlendum uppruna til dæmis, þeir eru mjög að reyna að virkja einstaklingana, að valdefla þá, að geta komið og haft eitthvað að gera.

Starfsemi allra þeirra hjálparsamtaka sem minnst var á í viðtölunum, í formi ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, fata- og matarúthlutana, hefur skerst og breyst verulega á undangengnu tæpu ári, eða í kjölfar COVID-19. Það var mat viðmælenda að fjöldatakmarkanir og lokanir hafi sett svip sinn á þá þjónustu sem verst stadda hóp samfélagsins hefur staðið til boða.

Úrræði félagsþjónustunnar

Til þess að unnt sé að aðstoða fólk við að brjótast úr viðjum fátæktar er nauðsynlegt að til staðar séu vel skilgreind úrræði. Viðtölin við félagsráðgjafa veittu innsýn í þau úrræði sem félagsþjónustan veitir fólki sem stendur höllum fæti, hvernig þau nýtast og hvers konar úrræði vantar. Í kafla I., 1. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) segir: „Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Úrræði félagsþjónustunnar til handa fólki sem samkvæmt skilgreiningunni „stendur höllum fæti“ eru tíunduð í 2. grein:

Með félagsþjónustu er í lögum þessum átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við eftirtalda málaflokka:

1. Félagslega ráðgjöf.
2. Fjárhagsaðstoð.
3. Félagslega heimaþjónustu.
4. Málefni barna og ungmenna.
5. Þjónustu við unglinga.
6. Þjónustu við aldraða.
7. Þjónustu við fatlað fólk.
8. Húsnæðismál.
9. Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda

Nánari útfærslu á ofangreindum úrræðum er að finna í reglum sveitarfélaganna. Viðtölin leiddu í ljós að sum úrræðin væru gagnleg en flestir viðmælenda töldu þó „helling vanta upp á“ til að

úrræðin nýttust sem best. Einhverjar hugmyndir viðmælenda um það sem betur má fara byggðu á frekari útfærslu þeirra úrræða sem fyrir hendi eru, en allir viðmælendur voru þó fyrst og síðast sammála um að nauðsynlegt væri að endurmeta og hækka upphæð til framfærslu:

Upphæðirnar sem við erum að greiða fólki eru náttúrlega bara mjög lágar. Ef þú ert að leigja herbergi og ert einstaklingur, þá er heildarfjárhæðin sem þú færð frá sveitarfélaginu Reykjavík 175 þúsund og svo er dreginn af þér skattur. Þannig að þú ert að fá 168 þúsund í vasann. Og það segir sig sjálft að ef þú ert að borga 90 þúsund í herbergi og átt að lifa af rest, þá ertu mjög fljótt búinn með peninginn [...] um miðjan mánuð og þá [segjum við] stundum fólki [...] frá hjálparsamtökunum, en við erum ekki beint að vísa á þau, því það er auðvitað skylda sveitarfélagsins að framfæra þá sem eru í neyð. En upphæðirnar bara duga ekki.

Upphæðirnar sem hér er vísað í að „bara dugi ekki“ eru samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, 11. grein, 175.006 krónur á mánuði ef einstaklingur býr með öðrum og leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings. Samkvæmt reglunum getur grunnfjárhæðin numið allt að 207.209 krónum til einstaklings sem rekur eigið heimili en allt að 332.334 krónum til hjóna eða sambúðarfólks⁵. Þá segir í sömu grein að mat á fjárhagsaðstoð sé óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu (Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, 2010 með síðari breytingum). Í viðtölunum kom jafnframt fram að ekki er veitt fjárhagsaðstoð vegna skulda.

Í viðtölunum kom fram að einhver munur virðist á mati á forsendum aðstoðar á milli sveitarfélaga og var sérstakur húsnæðisstuðningur nefndur sem dæmi um slíkt:

Við [afgreiðum] líka sérstakar húsaleigubætur, og það er mat svona hverjir fá það og hverjir ekki. Þeir verða að uppfylla ákveðin skilyrði. [...] að það skuli þurfa að vera mat, hverjir fái sérstakar húsaleigubætur og hverjir ekki. Að við skulum þurfa að meta það, út frá félagslegum forsendum. Ég er ekki alveg sammála þeim afgreiðslum, ég myndi vilja hafa þetta tekjutengt. Reykjavíkurborg hefur ekki viljað það, en það er þannig í sumum sveitarfélögum. Það væri svo miklu einfaldara. [...] En það eru náttúrlega margir svo tekjulágir.

Hér vísar viðmælandi í reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, sem er fjárstuðningur vegna greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur, en þar segir (í 3. grein) að meta skuli stöðu umsækjanda bæði eftir félagslegri stöðu og tekjum. Í 5. grein, þar sem tiltekin eru áhrif tekna á sérstakan húsnæðisstuðning, má sjá að neðri tekjumörk á mánuði sem hafa ekki skerðingaráhrif á húsnæðisstuðning eru 335.081 krónur fyrir einn á heimili og 443.172 krónur þar sem tveir eru á heimili, en efri tekjumörk þar sem er einn á heimili eru 418.852

⁵ Upphæðir miðast við grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2020. Fyrir liggur samþykkt borgarráðs frá 7. desember 2020 um um hækkingun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar um 2,4% frá og með 1. janúar 2021.

krónur og 553.965 krónur þar sem tveir eru á heimili⁶. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk. Til samanburðar má geta þess að lágmarkslaun verkafólks samkvæmt kjarasamningi Eflingar við SA 2020 hljóða upp á 335 þúsund krónur. á mánuði og að félagslegum forsendum slepptum gæti láglaunafólk nýtt sér húsnæðisúrræði borgarinnar í meira mæli (Efling kjarasamningur 1. apríl 2020).

Félagsþjónustan veitir margþætta aðstoð auk fjárhagsaðstoðar og greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings. Í viðtölunum kom fram að mikil áhersla er lögð á að „valdefla“ fólk, líkt og nokkrir orðuðu það og lögfest var með breytingu á lögum nr. 40/1991 árið 2018 (Lög um breytingar á lögum nr. 40/1991), og hjálpa því þannig að „koma fótunum aftur undir sig“. Helstu úrræði til valdeflingar eru atvinnuúrræði, menntunarúrræði og aðstoð við fjölskyldulíf. Loks lögðu viðmælendur áherslu á að aðstoð þeirra færi mikið í að brúa tímabil og aðstoða fólk sem bíður eftir að komast á örorku.

Helstu úrræðin sem nefnd voru í viðtölunum og hafa það að markmiði að valdefla fólk eru ýmis konar vinnustofur eða svokallaðar „smiðjur“. Kvennasmiðjur voru nefndar sem úrræði fyrir mæður utan vinnumarkaðar með langvarandi félagslegan vanda, karlasmiðjur sem endurhæfingarúrræði fyrir karla sem hafa verið lengi utan vinnumarkaðar, TINNA, fyrir unga einstæða foreldra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð, unglingsmiðjur fyrir félagslega einangraða unglinga, sérstök úrræði fyrir fólk sem glímur við vímuefnavanda, líkt og Grettistakið á höfuðborgarsvæðinu, sem og endurhæfingarúrræði og athvarf fyrir fólk með geðheilsuvanda líkt og Björgin á Suðurnesjum. Einnig voru nefnd styttri og lengri tíma úrræði fyrir fólk meðfram námi, eða sérstök menntunarúrræði, og ýmis atvinnutengd endurhæfingarúrræði eða „atvinnuátök“ í samvinnu við ýmsa aðila. Þá voru nefnd stuðningsúrræði fyrir bæði einstaklinga og fjölskyldur.

Í viðtölunum kom fram að það getur verið töluverðum vandkvæðum bundið að finna lausnir fyrir fólk sem sækir um örorku eða kemst ekki að hjá VIRK og kölluðu nokkrir viðmælenda eftir efldum úrræðum fyrir þann hóp:

[Stundum] sendum við bréf með til stuðnings umsókninni [um örorku] og fólk hefur samt fengið synjun á örorku og þá eru þau bara áfram á fjárhagsaðstoð hjá okkur. Og satt að segja [...], stundum skil ég bara ekki þessar synjanir. Fólk sem er kannski langvarandi atvinnulaust og með langvarandi vanda sem passar samt ekki inn í einhver box, [...], langvarandi atvinnuleysi gerir fólk bara mjög veikt. Það er mjög alvarlegt ástand að vera langtíma-atvinnulaus og að vera á langvarandi fjárhagsaðstoð.

⁶ Tekjumörk samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 5. febrúar 2020 og á fundi borgarráðs þann 13. febrúar 2020.

„Boxin“ sem viðmælandi vísar í eru þröng skilyrði örorkumats. Viðurkennd örorka þarf að grundvallast á að um „sjúkdóma, slys eða fötlun“ sé að ræða. „Skilyrði er að endurhæfing sé fullreynd eða að læknir staðfesti að endurhæfing eigi ekki við“ (Tryggingastofnun ríkisins, e.d.). Umsókn um örorku þarf að fylgja læknisvottorð sem er, að sögn viðmælenda, oftast en ekki erfitt að fá og á tímum COVID-19 hefur lengst í þeim enda ferlisins. Mun erfiðara er að ná í og komast að hjá lækni og samskipti félagsþjónustunnar við heilbrigðiskerfið eru lítil og úrræðin rýr. Viðmælendur voru sammála um að nauðsynlegt væri að finna úrræði sem tæki vandann föstum tökum og „hjálpðu fólki að komast á örorku með reisn“.

Hluti hópsins sem um ræðir sækir um endurhæfingarátætlun hjá VIRK en fær einnig synjun þar. Sumir félagsráðgjafanna, sem rætt var við, sögðust gera tilraunir til að mæta fólki með einhvers konar áætlun en með afar takmörkuðum árangri „því að það sem við höfum er ekki það sem VIRK hefur, VIRK hefur fullt af peningum“ segir einn viðmælenda. Skorturinn á úrræðum fyrir fólk sem þarf á endurhæfingu eða örorku að halda, vegna andlegrar eða líkamlegs heilsubreysts, grundvallast því á skorti á fjármagni hjá félagsþjónustunni.

Viðmælendur bentu á að úrræði vantaði fyrir fólk sem „kerfið nær ekki utan um“. Í þeirri umræðu var talað um þörf á úrræðum fyrir börn „þar sem gengið er út frá hagsmunum og réttindum barnanna“ sjálfra. Þá kom ítrekað fram að það „bráðvantar úrræði fyrir láglaunafólk“ sem að sögn viðmælenda er ört stækkandi hópur sem er fátækur og á ekki neinn rétt á viðbótarúrræðum. Loks var kallað eftir sérstökum úrræðum fyrir fólk af erlendum uppruna.

Meðal þess sem nefnt var að myndi hjálpa fólki af erlendum uppruna til þess að eiga möguleika á mannsæmandi lífi á Íslandi var frí tungumálakennsla, aukin atvinnuúrræði og aðgengi að menntun. Síðast en ekki síst væri kennsla í „samfélagslæsi“, líkt og einn viðmælandi orðaði það, nauðsynleg. Fólk af erlendum uppruna þyrfti margt aðstoð til að skilja samskipti, líf og íslenska menningu. Fræðsla er, að mati eins viðmælenda, ekki síst nauðsynleg fyrir karla af erlendum uppruna:

Ég held að samfélagsfræðslan þurfi líka að snúa að körlunum. Þeir eru líka mjög óruggir að allt í einu er kannski konan farin að tala betri íslensku, [...] farin að ná meiri tengslum í samfélaginu, hún er kannski komin í vinnu, hefur aldrei unnið úti áður, allt í einu er hún bara farin að vinna úti, farin að keyra bíl o.s.frv.

Afleiðingar breyttra valdatengsla á heimilum sem samrýmist ekki upprunamenningu fólks getur að sögn viðmælenda, endað í áður óþekktum erfiðleikum og jafnvel kynbundnu ofbeldi. Sérstakar kvennasmiðjur fyrir konur af erlendum uppruna voru einnig nefndar sem stuðningsúrræði fyrir þær til að læra að lifa í íslensku samfélagi og einnig njóta stuðnings innan og utan hópsins.

Í höfuðborginni eru að sögn viðmælenda ótal hindranir í vegi allt of margra sem leita sér aðstoðar og einn viðmælandi talaði um að „kerfið sjálft væri *gate keeper*“, sem varðaði veginn til velferðar fólks. Í viðtölunum mátti greina vísbendingar um að smærri sveitarfélög bjóði upp á bæði víðtækari og persónulegri þjónustu fyrir fólk sem grundvallast á þeirri nánd sem smæðin býður upp á þó nándin leysi ekki allan vanda:

Þannig að við erum heppin, að við sem vinnum í svona litlum sveitarfélögum að það er oft mikil nálægð og maður bara stundum stekkur upp í bíl og bankar hjá viðkomandi og bara: Er allt í góðu hjá þér í dag? [...]. Kostirnir eru að það er svo auðvelt að taka upp símann og redda hlutunum og virkja samfélagið með að fara að gera eitthvað. En mér finnst oft vanta eitthvað þarna á milli og við höfum kannski ekkert mikið aðgengi að þeim úrræðum.

Með öðrum orðum var kallað eftir nánara samstarfi og samtali þeirra aðila og stofnana sem heyra undir velferðarkerfið með það að markmiði að bæta og útvíkka þá þjónustu sem þörf er á fyrir fátækt fólk.

Velferðarkerfið

Á síðari hluta 20. aldar þróuðu Norðurlöndin velferðarkerfi sem miðuðu að jöfnum aðgangi allra að heildstæðri velferðarþjónustu s.s. þjónustu á sviði heilsugæslu, menntunar, húsnæðismála og annarra félagsmála. Almennt er lítið á velferðarkerfi Norðurlandanna sem vel heppnaða fyrirmynd. Íslenska velferðarkerfið er þó að miklu leyti frábrugðið öðrum norrænum kerfum. Íslenska ríkið ver lægri hluta þjóðartekna til útgjalda í velferðarkerfinu en aðrar Norðurlandþjóðir og úrræði innan kerfisins eru takmarkaðri (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2012; Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir, 2017).

Í viðtölunum vísuðu félagsráðgjafarnir þó nokkrum sinnum í norrænar fyrirmyndir á sviði velferðarmála. Viðmælendur litu helst til árangursríkrar samvinnu ólíkra stofnana og aðila á velferðarsviði Norðurlandanna sem þeir segja almennt skorta á Íslandi, og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þannig segist ein viðmælandi „auðvitað [vilja] svona kerfi sem Noregur tók upp, þetta NAV kerfi, þar sem að Tryggingastofnun og Vinnumálastofnun og félagsþjónusturnar“ eru undir einum og sama hattinum og öll vinna fer fram í samráði. Umræða um svipað fyrirkomulag hefur að sögn viðmælenda komið upp á Íslandi en „svo vaknaði maður bara svona einn daginn og þá var búið að búa til VIRK“. Þannig hefur ekki tekist að móta heildstætt kerfi sem tekur á fjölþættum og oft á tíðum samverkandi orsökum fátæktar, svo sem heilsubresti, atvinnuleysi og bágum félagslegum aðstæðum. Samkvæmt viðmælendum á skorturinn á samtali um stefnumótun sér stað í öllum þrepum kerfisins, á hæstu jafnt sem lægstu stöðum:

Þannig að ég myndi segja að stóra markmiðið okkar í samfélaginu væri að láta kerfin, segja þeim að vinna saman. Og það hjálpar ekki þegar þú ert með nokkur ráðuneyti sem eru að vasast í sama málaflokki. Félagsmála-ráðuneytið er að spá í þessu og heilbrigðisráðuneytið er að spá í þessu.

Þá var bent á að efla þyrfti samstarf stefnumótandi aðila og þeirra sem starfa á vettvangi. Slíkt skipti máli fyrir möguleika á að hrinda úrræðum í framkvæmd.

Viðmælendur segja svipaða sögu af samstarfi á milli þeirra stofnana sem heyra undir velferðarkerfið „þó það sé mjög misjafnt“ eftir stofnun. Þannig sé t.d. „smá aðgangur að Tryggingastofnun en ekki Vinnumálastofnun“. Samskipti við Umboðsmann skuldara „eru ágæt“ en þegar á heildina er lítið „eru hliðarverðir inn í öll kerfi, og allir setja sinn standard“, segja t.d. einhverjir viðmælenda, og sums staðar er lítið sem ekkert aðgengi:

Það er mjög erfitt aðgengi að til dæmis heimilislæknum og heilsugæslu. Og þegar við erum að reyna að vinna mál fólks eitthvað áfram sem kannski er búið að vera lengi á fjárhagsaðstoð og er alveg auðséð að það er ekki að fara út á vinnumarkaðinn, þá er mjög erfitt að vinna með heilsugæslunni.

Hliðverðir torvelda þannig nýtingu úrræða innan velferðarkerfisins í heild og einnig innan þjónustumiðstöðvanna sjálfra:

[Það] hefur verið að draga úr því hvað við getum ákveðið sjálf og hvað ekki. Oft erum við að fara með [...] ógurlega margt, ekki alveg allt, en mjög margt [fyrir fund], sem við gátum bara samþykkt inni á okkar skrifstofu áður.

Uppfærðar og nýjar reglur, sem settar eru með því markmiði að einfalda kerfið og „gæta gagnsæis og jafnræðis“ virðast um leið, að einhverju leyti, gera sama kerfi þyngra í vöfum. Utanaðkomandi regluverk sem á við um samfélagið í heild sinni hafa sömuleiðis haft hamlandi áhrif á daglegt starf félagsráðgjafa:

Svo er það þessi persónuvernd, ég er alveg hætt að geta hringt á aðrar stofnanir og spurt sérstaklega, nema þá með leyfi viðkomandi, með einhverju aðgangsnúmeri hans og alls konar, þannig að kerfin eru mjög treg og lokuð. Við megum ekkert gefa upp um okkar skjólstæðinga og hinir mega það ekki heldur. Þannig að fólk þarf eiginlega sjálft að ná í upplýsingar um sig, og koma með. Þannig að þetta er orðið flóknara en þetta var fyrir bara nokkrum árum.

Með öðrum orðum virðist regluverkið í þessu tilfalli vinna gegn þeim persónum sem því er ætlað að vernda.

Viðmælendur eru allir sammála um að einfalda þurfi kerfið í heild sinni, bæta úrræði og gera regluverk og verkferla sem nýttir eru í úrlausnum fátæks fólks á Íslandi einfaldari og skilvirkari. Gagnvirkt samtal og samstarf allra hlutaðeigandi aðila er að mati viðmælenda forsenda fyrir því að vel virkandi kerfi sé raunhæfur möguleiki. Með orðum eins viðmælenda:

Ég sé fyrir mér hús, þar sem að, þar inni er bara ein hurð inn. Og ef að niðurstaðan er sú að þú átt ekki rétt á vinnumarkaði t.d., hvort sem það er án bótaréttar eða ert hugsanlega veikur, [...] þá ferðu inn um þessa dyr, [...] [eða hina] og þar færðu þjónustu [sem þú þarft].

„Húsið“ sem viðmælandi vísar í er með öðrum orðum velferðarkerfið og „dyrnar“ leiðir innan kerfisins fyrir alla þá sem á aðstoð þurfa að halda. Tæmandi úrræði innan kerfisins sjálfs sameinar sýn viðmælenda á hlutverk þess. Raunin er þó sú að kerfið grípur ekki alla.

Aðstoð við fátækt fólk á tímum COVID-19

Áhrif COVID-19 á félagsþjónustuna eru margslungin. Reynst hefur þyngra í vöfum að taka á móti fólki með grunnþjónustu, t.d. með viðtölum, og viðmælendur hafa orðið varir við aukningu í hópi þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Auk þess kom fram í viðtölunum að opinberar aðgerðir vegna COVID-19 hafa valdið því að hægagangur hefur myndast í kerfinu öllu sem eykur álagið í starfsemi félagsþjónustunnar til muna.

Viðmælendur voru sammála um að það hafi „þegar orðið aukning“ á fjölda þeirra sem leitar til félagsþjónustunnar eftir fjárhagsaðstoð og öðrum úrræðum og að ákveðnu hámarki yrði náð eftir því sem líður á veturinn:

Af því að nú er fólk að klára, eins og þessar tekjutengdu atvinnuleysisbætur og svona [...]. Af því að hin kerfin eru að draga í land skilurðu, sem tóku við þessu í vor. Og þá koma allir hingað.

Reynslan af hruninu 2008 leiddi í ljós að þegar mikið atvinnuleysi ríkir er hættu á að ákveðinn hópur fólks festist í viðjum fátæktar. Að mati viðmælenda er margt svipað þeirri þróun sem átti sér stað í kjölfar efnahagshrunsins en þó er:

Grundvallarmunurinn á niðurstöðunni sem er að gerast núna versus kreppan [frá 2008], er að þetta er sálrænt meira áfall. Það er kominn inn þarna faktor sem er heilsukvíði, sem er bara ótti yfir einhverju sem við höfum ekki stjórn á. 2008, það var kreppa. Sumir misstum vinnuna. Nú ertu ekki bara með að fólk fái ekki vinnu heldur líka ertu bara hræddur við einhvern ósýnilegan óvin.

Heilsukvíðinn sem viðmælandi vísar í er ekki einungis nýr og af óþekktri stærðargráðu, heldur er hann erfiður öllum og þá sérstaklega stórum hópi þeirra einstaklinga sem eru háðir aðstoð félagsþjónustunnar „því hingað leitar jú veikt fólk“ bæði andlega og líkamlega. Auk heilsukvíðans hefur COVID áhrif á þá þjónustu sem hægt er að veita fátæku fólki og veldur „hægagangi í kerfinu“. Afleiðingarnar eru þær að fólki sem leitar til félagsþjónustunnar fjölgar ekki einungis heldur í lengist það í kerfinu:

Nú eru þeir mikið að ílengjast hjá okkur, út af t.d. COVID, það er erfitt að komast að hjá læknum, við erum kannski að hjálpa fólki að fá tíma [vegna örorkumats], og þeir hringja ekki til baka. [...] fólk er að ílengjast svolítið, af því það er svolítill hægagangur í þjóðfélaginu bara. Og svona allajafna er maður mikið að reyna að koma þeim í einhvers konar virkni, [...] en mikill tími hjá mér í dag fer svolítið að koma fólki bara í gegn, af því það er svo mikill hægagangur og stofnanir eru oft lokaðar eða það er erfitt að ná í gegnum síma.

Áhrif COVID-19 leggjast þungt á þjóðfélagið allt. Af úttekt þessari má þó ráða að afleiðingarnar koma ekki síst niður á þeim sem standa höllum fæti í íslensku samfélagi.

LOKAORÐ

Hlutfall þeirra sem eru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun (*at risk of poverty*) er lægra á Íslandi en annars staðar í Evrópu. Í þennan hóp falla einstaklingar sem eru undir lágtekjumörkum, búa við verulegan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnubátttaka er mjög lítil. Árið 2018 voru 8,8% íbúa á Íslandi undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun en til samanburðar var hlutfallið á bilinu 16,4 til 18% á hinum Norðurlöndunum (Eurostat, e.d.). Þó að Ísland standi vel í alþjóðlegum samanburði er ljóst að fátækt fyrirfinnst í íslensku samfélagi og mikilvægt er að styðja betur við þann hóp sem er undir lágtekjumörkum eða er í hættu á félagslegri einangrun. Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að tryggja mannsæmandi lífsskjör og félagslega velferð allra þegna sinna (Félagssáttmáli Evrópu nr. 3/1976) en þrátt fyrir undirritun alþjóðasáttmála og almenna hagsæld sjá sumir sér ekki annað fært en að leita til hjálparsamtaka vegna bágra fjárhagsaðstæðna. Ástæður þess að fólk leitar á náðir hins opinbera og til hjálparsamtaka eftir fjárhags- og mataraðstoð eru jafn margar og aðstæður og einkenni þeirra einstaklinga sem mynda hóp fátæks fólks. Má þar telja veikindi (andleg og líkamleg), örorku, bága félagslega stöðu, atvinnuleysi og lág laun.

Við ritun þessarar skýrslu, í lok árs 2020, hefur heimsfaraldur vegna COVID-19 geisað í tæpt ár með tilheyrandi efnahagsþrengingum. Ein stærsta atvinnugrein landsins lamaðist og heildaratvinnuleysi nam 11,1% í október 2020 (Vinnumálastofnun, e.d.). Efnahagsþrengingar hafa komið hart niður á mörgum og hefur merkjanleg aukning verið í aðstoðarbeiðnum til félagsþjónustunnar og hjálparsamtaka. Í úttektinni kom í ljós að atvinnuleysi var helsta ástæða þess að fólk leitaði á náðir hjálparsamtaka (44%) og í ljós kom að tæplega þriðjungur svarenda framfleytti sér með fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga sem bendir til þess að margir svarendur glími við félagslegan vanda samhliða því að vera tekjulágir.

Frásagnir félagsráðgjafa sem starfa við félagsþjónustu veita innsýn í stöðu þessa hóps. Fólk sem fær fjárhagsaðstoð sveitarfélaga glímir gjarnan við langtíma atvinnuleysi en hópinn skipar einnig fólk sem hefur lent á milli kerfa og á því hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Til dæmis var bent á að það tæki tíma að fá greiddar atvinnuleysisbætur eftir atvinnumissi og einnig var það upplifun félagsráðgjafanna að hægst hefði á afgreiðslu umsókna um örorku- eða endurhæfingarlífeyri vegna heimsfaraldursins.

Ljóst er að almennt er þörf á að útvíkka aðgerðir og bæta úrræði sem nýtast fátæku fólki á Íslandi. Sér í lagi þarf að mæta bráðum þörfum hópsins með sérstökum úrræðum á tímum heimsfaraldurs. Viðtölin við félagsráðgjafana í úttekt þessari veita innsýn í hvaða úrræði til handa fátæku fólki þarf endurskoðunar. Meðal aðgerða sem þörf er á að endurmeta eru viðmið fyrir fjárhagsaðstoð og forsendur sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að úrræðin mæti þörfum allra sem á þurfa að halda, þ.m.t. láglaunafólks. Þá þarf að endurmeta og útfæra úrræði fyrir fólk sem bíður örorkumats og styðja betur við fólk af erlendum uppruna, en í ljós kom að innflytjendur, flóttafólk og hælisleitendur eru stór hluti þeirra sem leita á náðir hjálparsamtaka vegna fjárhagserfiðleika. Loks var bent á mikilvægi þess að bjóða upp á varanleg úrræði fyrir fólk með fjölpættan vanda, t.d. fólk með geðröskun- og vímuefnavanda.

Ljóst er af niðurstöðum úttektarinnar að nokkur munur er á samsetningu þess hóps sem leitar til hjálparsamtaka eftir því hvaða samtök um ræðir. Til dæmis leita ungar einstæðar mæður gjarnan til Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðisherinn sinnir fyrst og fremst einstaklingum án barna, eldra fólk leitar til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands aðstoðar aðallega barnafjölskyldur, oft af erlendum uppruna. Þessi áhersla hjálparsamtaka á þjónustu við mismunandi hópa bendir til að mikilvægt sé að samtökin vinni betur saman og einnig þarf að huga að því að ólíkir hópar geti nálgast heildstæða þjónustu. Í ljós kom að aðstoðin sem er veitt af hjálparsamtökunum er af mjög ólíkum toga. Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta þjónustu, þar sem áhersla er lögð á valdeflingu fólks. Þetta er t.d. gert með virkniúrræðum ásamt því að veita félagslega ráðgjöf, fjármálaráðgjöf og fjölskylduráðgjöf samhliða úthlutun á inneignarkortum. Hjálparstarf kirkjunnar setur barnafjölskyldur í forgang en erfiðara getur verið fyrir aðra hópa fátæks fólks að nálgast aðstoð þar sem unnið er út frá slíkri heildstæðri nálgun með áherslu á hjálp til sjálfshjálpar. Í svörum forsvarskvenna hjálparsamtakanna var því lýst að fjárskortur stæði í vegi fyrir því að hægt sé að veita öflugri þjónustu og taldi forsvarskona Hjálpræðishersins mikilvægt að ráða félagsráðgjafa til starfa til þess að unnt væri að styðja betur við hópinn sem þangað leitar.

Í úttektinni vakti athygli að á bilinu 31 til 49% þeirra sem leituðu til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpar Íslands í Reykjavík og á Suðurnesjum höfðu alltaf þurft að



bíða í biðröð utandyra eftir að fá úthlutað mat. Í könnuninni var ekki spurt um ánægju eða óánægju með að þurfa að bíða utandyra en í opnum svörum, þar sem þátttakendum gafst kostur á að koma athugasemdum á framfæri, var því lýst hvernig bið utandyra reyndist erfið þeim sem eiga við veikindi að stríða. Könnunin leiddi einnig í ljós að nærri tveir af hverjum þremur vildu heldur inneignarkort í matvöruverslanir en að fá úthlutað mat. Matarúthlutanir voru aftur á móti veigamesta aðstoðin hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpi Íslands. Því er ljóst að stór hópur notenda vill fá annars konar aðstoð en samtökin sjá sér fært að veita. Í framhaldinu er vert að skoða hvert sé fyrirkomulag aðstoðar hjálparsamtaka annars staðar á Norðurlöndunum og hefur félagsmálaráðuneytið falið Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að afla slíkra upplýsinga.

HEIMILDIR

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi nr. 10/1979. Sótt af:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1979010.2c3.html>

Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2010). *Matarúthlutanir hjálparstofnana*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. sótt af:

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ritogskyrslur2011/MataruthlutanirHjalparstofnana2010_Skyrsla_04012011.pdf

Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson. (2016). *Sarafátækt*. Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla-um-sarafataekt-13.9.2016.pdf>

Aurini, J. D., Health, M. og Howells, S. (2016). *The how to of qualitative research*. London: Sage Publications.

Creswell, J. W. (2012). *Educational research: Planning, conducting, evaluating quantitative and qualitative research* (4. útg.). Boston: Pearson Education.

Eurostat (e.d.). *People at risk of poverty or social exclusion*. Sótt af:

<https://appsso.eurostat.ec.europa.eu/nui/submitViewTableAction.do>

Félagssáttmáli Evrópu nr. 3/1976. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/129/1976003.html>

Fimmta hvert heimili á leigumarkaði er undir lágtekjumörkum (2019, 21 nóvember).

Hagstofan. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/lagtekuhlutfall-og-skortur-a-efnislegum-gaedum/>

Fjölskylduhjálpi Íslands (e.d.). *Saga samtakanna*. Sótt af: <https://fjolskylduhjalp.is/saga-samtakanna/>

Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 17-27.

Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.). (2012). *Þróun velferðarinnar 1988–2008*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir. (2017). Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsóknna. *Íslenska Þjóðfélagið*, 8(2), 73-99. Reykjavík: Félagfræðingafélag Íslands

Hagstofa Íslands (2020). *Talnaefni – Bakgrunnur*. Sótt af:

<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>






Hjálparstarf kirkjunnar (e.d.). *Um okkur – Sagan*. Sótt af: <https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/um-okkur/#sagan>

-
- Hjálpræðisherinn. (e.d.). *Saga*. Sótt af: <https://www.herinn.is/is/um-okkur/saga>
- Kjarasamningur 1. apríl 2020*. Efling. Sótt af: https://efling.is/wp-content/uploads/2020/03/Kauptaxtar_2020_april_SA.pdf?fbclid=IwAR09m8FdWaE_Noaj6C7R0IPmVGZfDoauj1I1dUcJ3EvkWk_243WluJJFsCg
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 – Skýrsla unnin fyrir Velferðarvaktina*. Reykjavík: EDDA öndvegissetur. Sótt af: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=fe83e85e-3b3b-11e9-9435-005056bc530c>
- Kvale, S. (1996). *InterViews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991*. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>
- Lög um breytingar á lögum nr. 40/1991*. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/stjt/2018.037.html>
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. (e.d.). *Saga Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur*. Sótt af: <https://www.maedur.is/newpage>
- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir. (2012). Þróun og einkenni þriðja geirans í velferðarþjónustu. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritst.), *Þróun velferðarinnar 1988-2008* (bls. 107-123). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ómar Valdimarsson. (2014). *Hvar þrengir að?* Reykjavík: Rauði krossinn. Sótt af: https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvar_threngir_ad_2014--1-.pdf
- Payne, M. (2005). *The origins of social work. Continuity and change*. New York: Palgrave Mcmillan
- Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*. (2010, með síðari breytingum). Sótt af: https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_fjarhagsadstod_-_20.01.20.pdf
- Rowntree, S. (1901). *Poverty, a study of town life*. England: Macmillan and Co.
- Tryggingastofnun ríkisins (e.d.). *Örorka*. Sótt af: <https://www.tr.is/ororka>
- Vinnumálastofnun (e.d.). *Fréttir*. Sótt af: <https://vinnumalastofnun.is/frettir>
-

VIÐAUKI: TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSTÖFLUR

Í viðauka er að finna ítarlega greiningu á svörum við spurningu könnunarinnar meðal notenda. Gagna var aflað hjá Fjölskylduhjálpi Íslands í Reykjavík og á Suðurnesjum, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Hjálparstarfi kirkjunnar í Reykjavík og Hjálpræðisherinum í Reykjavík.

Tafla i a. Fjöldi svarenda eftir hjálparsamtökum

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Fjölskylduhjálpi Íslands - Reykjavík	168	39,9%	4,7%	 39,9%
Mæðrastyrksnefnd	101	24,0%	4,1%	 24,0%
Fjölskylduhjálpi Íslands - Suðurnesjum	69	16,4%	3,5%	 16,4%
Hjálparstarfi kirkjunnar	58	13,8%	3,3%	 13,8%
Hjálpræðisherinn	25	5,9%	2,3%	 5,9%
Alls	421	100,0%		
Fjöldi svarenda	421	100,0%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

Tafla i b. Fjöldi svarenda eftir hjálparsamtökum - Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Fjölskylduhjálp		Fjölskylduhjálp		Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis-herinn
		Íslands - Reykjavík	Mæðrastyrks-nefnd	Íslands - Suðurnesjum			
Alls	421	39,9%	24,0%	16,4%		13,8%	5,9%
Kyn**							
Karl	155	35,5%	29,0%	19,4%		7,7%	8,4%
Kona	252	43,3%	19,4%	14,7%		18,3%	4,4%
Aldur***							
30 ára eða yngri	85	42,4%	18,8%	14,1%		17,6%	7,1%
31-45 ára	147	47,6%	17,0%	10,9%		16,3%	8,2%
Eldri en 45 ára	138	30,4%	34,1%	22,5%		8,7%	4,3%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?***							
Íslandi	116	24,1%	24,1%	11,2%		26,7%	13,8%
Litháen	92	54,3%	16,3%	23,9%		4,3%	1,1%
Venesúela	50	68,0%	16,0%	16,0%		0,0%	0,0%
Öðru landi	155	34,2%	31,0%	15,5%		14,2%	5,2%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?^							
Nei, ekkert af þessu	191	35,1%	22,5%	15,7%		18,8%	7,9%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	95	41,1%	29,5%	20,0%		6,3%	3,2%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	85	52,9%	23,5%	14,1%		7,1%	2,4%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	16	43,8%	18,8%	18,8%		18,8%	0,0%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?***							
Bý ein(n)	94	23,4%	41,5%	19,1%		8,5%	7,4%
Tveir til þrír	194	44,8%	18,6%	13,9%		17,0%	5,7%
Fjórir eða fleiri	85	48,2%	17,6%	21,2%		12,9%	0,0%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?***							
Engin börn	150	28,7%	34,7%	20,7%		7,3%	8,7%
Eitt barn	99	47,5%	17,2%	11,1%		22,2%	2,0%
Tvö börn eða fleiri	36	41,7%	16,7%	22,2%		19,4%	0,0%
Staða á vinnumarkaði**							
Í launaðri vinnu	38	50,0%	23,7%	13,2%		7,9%	5,3%
Atvinnulaus	165	43,6%	19,4%	23,0%		10,9%	3,0%
Öryrki	106	31,1%	24,5%	16,0%		20,8%	7,5%
Önnur staða	83	36,1%	33,7%	4,8%		18,1%	7,2%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla ii a. Kyn svarenda




	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Karl	155	37,7%	4,7%	37,7%
Kona	252	61,3%	4,7%	61,3%
Annað	4	1,0%	0,9%	1,0%
Alls	411	100,0%		0% 100%
Fjöldi svarenda	411	97,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	10	2,4%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

Tafla ii b. Kyn svarenda - Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Karl	Kona
Alls	407	37,7%	61,3%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?*			
Mæðrastyrksnefnd	94	47,9%	52,1%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	67	44,8%	55,2%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	164	33,5%	66,5%
Hjálparstarf kirkjunnar	58	20,7%	79,3%
Hjálpraðisherinn	24	54,2%	45,8%
Aldur			
30 ára eða yngri	84	34,5%	65,5%
31-45 ára	140	34,3%	65,7%
Eldri en 45 ára	137	40,9%	59,1%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?*			
Íslandi	115	29,6%	70,4%
Litháen	90	37,8%	62,2%
Venesúela	48	52,1%	47,9%
Öðru landi	148	41,2%	58,8%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?			
Nei, ekkert af þessu	186	33,3%	66,7%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	94	43,6%	56,4%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	80	43,8%	56,3%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	16	37,5%	62,5%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?***			
Bý ein(n)	92	53,3%	46,7%
Tveir til þrír	188	29,8%	70,2%
Fjórir eða fleiri	83	34,9%	65,1%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?***			
Engin börn	144	55,6%	44,4%
Eitt barn	98	20,4%	79,6%
Tvö börn eða fleiri	34	23,5%	76,5%
Staða á vinnumarkaði			
Í launaðri vinnu	37	40,5%	59,5%
Atvinnulaus	163	43,6%	56,4%
Öryrki	105	33,3%	66,7%
Önnur staða	78	28,2%	71,8%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktækisprófs.

Tafla iii a. Aldur svarenda











	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
30 ára eða yngri	85	23,0%	4,3%	 23,0%
31-45 ára	147	39,7%	5,0%	 39,7%
Eldri en 45 ára	138	37,3%	4,9%	 37,3%
Alls	370	100,0%		0% 100%
Fjöldi svarenda	370	87,9%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	51	12,1%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

Tafla iii b. Aldur svarenda – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	30 ára eða yngri	31-45 ára	Eldri en 45 ára
Alls	370	23,0%	39,7%	37,3%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?***				
Mæðrastyrksnefnd	88	18,2%	28,4%	53,4%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	59	20,3%	27,1%	52,5%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	148	24,3%	47,3%	28,4%
Hjálparstarf kirkjunnar	51	29,4%	47,1%	23,5%
Hjálpraðisherinn	24	25,0%	50,0%	25,0%
Kyn				
Karl	133	21,8%	36,1%	42,1%
Kona	228	24,1%	40,4%	35,5%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?				
Íslandi	102	16,7%	37,3%	46,1%
Litháen	79	25,3%	34,2%	40,5%
Venesúela	47	34,0%	46,8%	19,1%
Öðru landi	136	23,5%	40,4%	36,0%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?				
Nei, ekkert af þessu	166	16,9%	42,8%	40,4%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	84	31,0%	32,1%	36,9%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	76	27,6%	46,1%	26,3%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	13	38,5%	38,5%	23,1%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?****				
Bý ein(n)	78	14,1%	16,7%	69,2%
Tveir til þrír	173	27,7%	43,4%	28,9%
Fjórir eða fleiri	79	19,0%	58,2%	22,8%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?***				
Engin börn	127	19,7%	18,9%	61,4%
Eitt barn	89	30,3%	51,7%	18,0%
Tvö börn eða fleiri	31	19,4%	67,7%	12,9%
Staða á vinnumarkaði***				
Í launaðri vinnu	36	25,0%	58,3%	16,7%
Atvinnulaus	149	28,2%	38,3%	33,6%
Öryrki	90	3,3%	31,1%	65,6%
Önnur staða	70	40,0%	38,6%	21,4%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla iv a. Fæðingarland svarenda


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Íslandi	116	28,1%	4,3%	 28,1%
Litháen	92	22,3%	4,0%	 22,3%
Venesúela	50	12,1%	3,1%	 12,1%
Póllandi	16	3,9%	1,9%	 3,9%
Sýrlandi	16	3,9%	1,9%	 3,9%
Írak	15	3,6%	1,8%	 3,6%
Lettlandi	13	3,1%	1,7%	 3,1%
Afghanistan	11	2,7%	1,6%	 2,7%
Nígeríu	11	2,7%	1,6%	 2,7%
Öðru landi	73	17,7%	3,7%	 17,7%
Alls	413	100,0%		
Fjöldi svarenda	413	98,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	8	1,9%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

Tafla iv b. Fæðingarland svarenda – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Íslandi	Litháen	Venesúela	Öðru landi
Alls	413	28,1%	22,3%	12,1%	37,5%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?***					
Mæðrastyrksnefnd	99	28,3%	15,2%	8,1%	48,5%
Fjölskylduhjálpi Íslands - Suðurnesjum	67	19,4%	32,8%	11,9%	35,8%
Fjölskylduhjálpi Íslands - Reykjavík	165	17,0%	30,3%	20,6%	32,1%
Hjálparstarf kirkjunnar	57	54,4%	7,0%	0,0%	38,6%
Hjálpraðisherinn	25	64,0%	4,0%	0,0%	32,0%
Kyn*					
Karl	154	22,1%	22,1%	16,2%	39,6%
Kona	247	32,8%	22,7%	9,3%	35,2%
Aldur					
30 ára eða yngri	85	20,0%	23,5%	18,8%	37,6%
31-45 ára	142	26,8%	19,0%	15,5%	38,7%
Eldri en 45 ára	137	34,3%	23,4%	6,6%	35,8%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?***					
Nei, ekkert af þessu	190	55,3%	25,3%	0,5%	18,9%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	95	1,1%	35,8%	0,0%	63,2%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	81	0,0%	1,2%	53,1%	45,7%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	16	6,3%	6,3%	31,3%	56,3%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?***					
Bý ein(n)	94	37,2%	29,8%	9,6%	23,4%
Tveir til þrír	192	28,6%	17,7%	15,1%	38,5%
Fjórir eða fleiri	83	15,7%	25,3%	6,0%	53,0%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?***					
Engin börn	149	34,2%	24,2%	14,1%	27,5%
Eitt barn	98	30,6%	14,3%	11,2%	43,9%
Tvö börn eða fleiri	35	22,9%	20,0%	0,0%	57,1%
Staða á vinnumarkaði***					
Í launaðri vinnu	37	13,5%	16,2%	18,9%	51,4%
Atvinnulaus	161	8,7%	32,3%	16,8%	42,2%
Öryrki	106	67,9%	14,2%	0,0%	17,9%
Önnur staða	82	28,0%	15,9%	13,4%	42,7%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla v a. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?




Tafla v b. Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi? – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Nei, ekkert af þessu	Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	Flóttamaður með alþjóðlega vernd	Umsækjandi um alþjóðlega vernd
Alls	387	49,4%	24,5%	22,0%	4,1%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?^					
Mæðrastyrksnefnd	94	45,7%	29,8%	21,3%	3,2%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	64	46,9%	29,7%	18,8%	4,7%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	158	42,4%	24,7%	28,5%	4,4%
Hjálparstarf kirkjunnar	51	70,6%	11,8%	11,8%	5,9%
Hjálpraðisherinn	20	75,0%	15,0%	10,0%	0,0%
Kyn					
Karl	144	43,1%	28,5%	24,3%	4,2%
Kona	232	53,4%	22,8%	19,4%	4,3%
Aldur					
30 ára eða yngri	80	35,0%	32,5%	26,3%	6,3%
31-45 ára	138	51,4%	19,6%	25,4%	3,6%
Eldri en 45 ára	121	55,4%	25,6%	16,5%	2,5%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?***					
Íslandi	107	98,1%	0,9%	0,0%	0,9%
Litháen	84	57,1%	40,5%	1,2%	1,2%
Venesúela	49	2,0%	0,0%	87,8%	10,2%
Öðru landi	142	25,4%	42,3%	26,1%	6,3%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?*					
Bý ein(n)	89	61,8%	22,5%	14,6%	1,1%
Tveir til þrír	182	50,5%	20,9%	23,6%	4,9%
Fjórir eða fleiri	79	36,7%	34,2%	24,1%	5,1%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?					
Engin börn	144	58,3%	20,1%	19,4%	2,1%
Eitt barn	93	50,5%	20,4%	22,6%	6,5%
Tvö börn eða fleiri	32	43,8%	28,1%	25,0%	3,1%
Staða á vinnumarkaði***					
Í launaðri vinnu	38	39,5%	23,7%	28,9%	7,9%
Atvinnulaus	158	36,7%	36,7%	23,4%	3,2%
Öryrki	96	85,4%	11,5%	3,1%	0,0%
Önnur staða	76	44,7%	14,5%	35,5%	5,3%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla vi a. Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?




**Tafla vi b. Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum? –
Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	Bý ein(n)	Tveir til þrír	Fjórir eða fleiri
Alls	373	25,2%	52,0%	22,8%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?***				
Mæðrastyrksnefnd	90	43,3%	40,0%	16,7%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	63	28,6%	42,9%	28,6%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	150	14,7%	58,0%	27,3%
Hjálparstarf kirkjunnar	52	15,4%	63,5%	21,2%
Hjálpræðisherinn	18	38,9%	61,1%	0,0%
Kyn***				
Karl	134	36,6%	41,8%	21,6%
Kona	229	18,8%	57,6%	23,6%
Aldur***				
30 ára eða yngri	74	14,9%	64,9%	20,3%
31-45 ára	134	9,7%	56,0%	34,3%
Eldri en 45 ára	122	44,3%	41,0%	14,8%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?***				
Íslandi	103	34,0%	53,4%	12,6%
Litháen	83	33,7%	41,0%	25,3%
Venesúela	43	20,9%	67,4%	11,6%
Öðru landi	140	15,7%	52,9%	31,4%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?*				
Nei, ekkert af þessu	176	31,3%	52,3%	16,5%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	85	23,5%	44,7%	31,8%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	75	17,3%	57,3%	25,3%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	14	7,1%	64,3%	28,6%
Staða á vinnumarkaði**				
Í launaðri vinnu	36	5,6%	58,3%	36,1%
Atvinnulaus	152	21,7%	55,3%	23,0%
Öryrki	94	38,3%	40,4%	21,3%
Önnur staða	73	20,5%	61,6%	17,8%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla vii a. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?










Tafla vii b. Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu? – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Engin börn	Eitt barn	Tvö börn eða fleiri
Alls	358	41,9%	27,7%	30,4%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?***				
Mæðrastyrksnefnd	89	58,4%	19,1%	22,5%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	58	53,4%	19,0%	27,6%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	142	30,3%	33,1%	36,6%
Hjálparstarf kirkjunnar	53	20,8%	41,5%	37,7%
Hjálpraðisherinn	16	81,3%	12,5%	6,3%
Kyn***				
Karl	127	63,0%	15,7%	21,3%
Kona	222	28,8%	35,1%	36,0%
Aldur***				
30 ára eða yngri	73	34,2%	37,0%	28,8%
31-45 ára	129	18,6%	35,7%	45,7%
Eldri en 45 ára	112	69,6%	14,3%	16,1%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?*				
Íslandi	105	48,6%	28,6%	22,9%
Litháen	76	47,4%	18,4%	34,2%
Venesúela	39	53,8%	28,2%	17,9%
Öðru landi	133	30,8%	32,3%	36,8%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?				
Nei, ekkert af þessu	174	48,3%	27,0%	24,7%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	78	37,2%	24,4%	38,5%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	70	40,0%	30,0%	30,0%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	15	20,0%	40,0%	40,0%
Staða á vinnumarkaði**				
Í launaðri vinnu	37	18,9%	24,3%	56,8%
Atvinnulaus	140	42,9%	29,3%	27,9%
Öryrki	95	52,6%	22,1%	25,3%
Önnur staða	68	35,3%	35,3%	29,4%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla viii a. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana?




	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
Nei, er atvinnulaus	167	42,6%	4,9%	 42,6%
Nei, er öryrki	106	27,0%	4,4%	 27,0%
Já	38	9,7%	2,9%	 9,7%
Nei, er í námi	20	5,1%	2,2%	 5,1%
Nei, er heimavinnandi / í fæðingarorlofi	13	3,3%	1,8%	 3,3%
Nei, er á eftirlaunum	9	2,3%	1,5%	 2,3%
Nei, annað	39	9,9%	3,0%	 9,9%
Alls	392	100,0%		
Fjöldi svarenda	392	93,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	29	6,9%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

Tafla viii b. Ertu í launaðri vinnu þessa dagana? – Bakgrunnsgreining

	Fjöldi	Atvinnulaus	Öryrki	Í launaðri vinnu	Önnur staða
Alls	392	42,6%	27,0%	9,7%	20,7%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?*					
Mæðrastyrksnefnd	95	33,7%	27,4%	9,5%	29,5%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	64	59,4%	26,6%	7,8%	6,3%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	154	46,8%	21,4%	12,3%	19,5%
Hjálparstarf kirkjunnar	58	31,0%	37,9%	5,2%	25,9%
Hjálpraðisherinn	21	23,8%	38,1%	9,5%	28,6%
Kyn					
Karl	143	49,7%	24,5%	10,5%	15,4%
Kona	240	38,3%	29,2%	9,2%	23,3%
Aldur***					
30 ára eða yngri	82	51,2%	3,7%	11,0%	34,1%
31-45 ára	133	42,9%	21,1%	15,8%	20,3%
Eldri en 45 ára	130	38,5%	45,4%	4,6%	11,5%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?***					
Íslandi	114	12,3%	63,2%	4,4%	20,2%
Litháen	86	60,5%	17,4%	7,0%	15,1%
Venesúela	45	60,0%	0,0%	15,6%	24,4%
Öðru landi	141	48,2%	13,5%	13,5%	24,8%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?***					
Nei, ekkert af þessu	189	30,7%	43,4%	7,9%	18,0%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	89	65,2%	12,4%	10,1%	12,4%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	78	47,4%	3,8%	14,1%	34,6%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	12	41,7%	0,0%	25,0%	33,3%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?***					
Bý ein(n)	86	38,4%	41,9%	2,3%	17,4%
Tveir til þrír	188	44,7%	20,2%	11,2%	23,9%
Fjórir eða fleiri	81	43,2%	24,7%	16,0%	16,0%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?					
Engin börn	141	42,6%	35,5%	5,0%	17,0%
Eitt barn	95	43,2%	22,1%	9,5%	25,3%
Tvö börn eða fleiri	34	44,1%	26,5%	11,8%	17,6%

Marktekt er merkt á eftirfarandi hátt: *p<0,05, **p<0,01, ***p<0,001, ^gögn uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla ix a. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	
200 þús. kr. eða minna	96	33,2%	5,4%	 33,2%
201-300 þús. kr.	127	43,9%	5,7%	 43,9%
Meira en 300 þús. kr.	66	22,8%	4,8%	 22,8%
Alls	289	100,0%		0% 100%
Fjöldi svarenda	289	68,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	132	31,4%		
Heildarfjöldi	421	100,0%		

**Tafla ix b. Hverjar voru ráðstöfunartekjur heimilisins í síðasta mánuði? –
Bakgrunnsgreining**

	Fjöldi	200 þús. kr. eða minna	201-300 þús. kr.	Meira en 300 þús. kr.
Alls	289	33,2%	43,9%	22,8%
Hvert er nafn þeirrar hjálparstofnunar sem þú leitar til í dag?				
Mæðrastyrksnefnd	74	43,2%	39,2%	17,6%
Fjölskylduhjálp Íslands - Suðurnesjum	40	30,0%	42,5%	27,5%
Fjölskylduhjálp Íslands - Reykjavík	112	25,9%	45,5%	28,6%
Hjálparstarf kirkjunnar	44	29,5%	50,0%	20,5%
Hjálpræðisherinn	19	52,6%	42,1%	5,3%
Kyn*				
Karl	103	41,7%	43,7%	14,6%
Kona	178	28,7%	44,4%	27,0%
Aldur*				
30 ára eða yngri	51	39,2%	37,3%	23,5%
31-45 ára	111	25,2%	42,3%	32,4%
Eldri en 45 ára	99	34,3%	49,5%	16,2%
Í hvaða landi ertu fædd(ur)?				
Íslandi	92	31,5%	48,9%	19,6%
Litháen	68	38,2%	41,2%	20,6%
Venesúela	21	38,1%	28,6%	33,3%
Öðru landi	103	31,1%	45,6%	23,3%
Ert þú innflytjandi, flóttamaður eða umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi?^				
Nei, ekkert af þessu	154	31,8%	46,8%	21,4%
Innflytjandi sem kom á eigin vegum/sem barn	68	33,8%	42,6%	23,5%
Flóttamaður með alþjóðlega vernd	46	32,6%	34,8%	32,6%
Umsækjandi um alþjóðlega vernd	6	16,7%	66,7%	16,7%
Hversu margir búa á heimili þínu, að þér meðtalinni/meðtöldum?***				
Bý ein(n)	71	52,1%	47,9%	0,0%
Tveir til þrír	139	31,7%	43,2%	25,2%
Fjórir eða fleiri	65	13,8%	38,5%	47,7%
Hversu mörg börn, 17 ára og yngri, eru á heimilinu?***				
Engin börn	103	42,7%	49,5%	7,8%
Eitt barn	71	33,8%	35,2%	31,0%
Tvö börn eða fleiri	86	16,3%	44,2%	39,5%
Staða á vinnumarkaði*				
Í launaðri vinnu	26	19,2%	34,6%	46,2%
